

Breiðholtsblaðið

Dreift frítt í öll hús í Breiðholti

JANÚAR 2010

1. tbl. 17. árg.



S. 581 15 15
3 staðir 1 símanúmer
Gnoðarvogi 44 - Ánanaustum og Eddufelli 6



Slökkvitækjaþjónustufan
564 1433
Bakkabraut 16 • 200 Kópavogur
Fyrir heimili - húsfélög - fyrirtæki
Úrval slökkvitækja. Leitið tilboða!



Samráðsnefnd um þjónustuíbúðir við Gerðuberg fundar stíft þessa dagana. Myndin var tekin á einum þeirra funda. Frv. Guðrún Jónsdóttir, Sigurður Einarsson, Stefán Ólafur Jónsson, Guðmundur Pálmi Kristinsson, Þorsteinn G. Hjartarson, Unnar Stefánsson og Berglind Magnúsdóttir.

Undirbúningur á fullri ferð

Samráðsnefnd um byggingu þjónustuíbúða við Gerðuberg fyrir eldri borgara hefur verið skipuð og þegar hafa nokkrir fundir verið haldnir.

Guðmundur Pálmi Kristinsson frá Framkvæmda- og eignasviði Reykjavíkurborgar er formaður nefndarinnar og fulltrúar Velferðarsviðs eru þau Guðrún Jónsdóttir, deildarstjóri Félagsstarfsins Gerðubergi og Þorsteinn Hjartarson, framkvæmdastjóri Þjónustumiðstöðvar Breiðholts. Fulltrúar Félags eldri borgara eru þeir Unnar Stefánsson, formaður félagsins,

Sigurður Einarsson, framkvæmdastjóri og Stefán Ólafur Jónsson fyrir hönd bygginganefndar þess. Berglind Magnúsdóttir, forstöðumaður Heimaþjónustu Reykjavíkur starfar með hópnum og fleiri verða kallaðir til samstarfs á næstunni.

Í þeirri undirbúningsvinnu sem nú fer fram þarf margt að skoða sem snýr að tengingum að félagsstarfinu og Menningarmiðstöðinni Gerðubergi en einnig heimaþjónustu, hönnun íbúða og húsnæðis, þjónusturými og frekari útfærslu á samningi Félags eldri borgara

og Reykjavíkurborgar. Á fundi í Gerðubergi, sem haldinn var föstudaginn 8. janúar sl. var stofnaður minni vinnuhópur sem vinnur að frekari þarfagreiningu og lýsingu á þjónustu og samstarfinu í Gerðubergi og við nærsamfélagið. Vinnuhópin skipa þær Guðrún Jónsdóttir, formaður, Berglind Magnúsdóttir og Margrét Margeirsdóttir sem kemur frá Félagi eldri borgara. Afrakstur þeirra vinnu síðan kynntur á aðalfundi Félags eldri borgara í febrúar. Stefnt að því að taka fyrstu skóflustungu að þjónustuíbúðunum nú á vormánuðum.

Lyfjaval

APÓTEK
ÁLFTAMÝRI • MJÓDD

BÍLAAPÓTEK
HÆÐASMÁRA 4
opið 10-23 alla daga



Big papas pizza
Mjódd
800-9999
Opið
16 - 22
bigpapas.is
Fullt af tilboðum
Besta verðið
Frábærar pissur
100% Ísl. ostur

Apótekið í Hólagarði er opið:
mán-föst: 10-18, laugardaga: 10-14

Apótekið
lægra verð

Grafarvogi • Hólagarði • Hagkaup Skeifunni • Hagkaup Akureyri

Útsala á svínakjöti

Þorramaturinn kominn

í kjötbörðið

Þín verslun

SELJABRAUT 54 • SÍMI 557 1780 - 577 1788

- á traustum grunni

Eina kjötbörðið
í Breiðholti

gæði
úrval
þjónusta

Breiðholtsblaðið

Útgefandi: Borgarblöð ehf.
Vesturgötu 15 • 101 Reykjavík
Sími: 511 1188 • 561 1594
Fax: 561 1594

Ritstjóri: Þórður Ingimarsson, Sími 551 1519, 893 5904

Netfang: thord@itn.is

Auglýsingasími: 511 1188 • 561 1594 • 895 8298

Netfang: borgarblod@simnet.is

Framkvæmda- og auglýsingastjóri: Kristján Jóhannsson

Umbrot: Valur Kristjánsson

Prentun: Landsprent ehf.

Dreifing: Morgunblaðið

1. tbl. 17. árgangur

Breiðholtsblaðið er dreift frítt í öll hús í Breiðholti



Styrkþegar forvarna- og framfarasjóðs ásamt Hönnu Birnu Kristjánsdóttur, borgarstjóra sem afhenti styrkina. Hörður Guðbjörnsson, framkvæmdastjóri ÍR er annar til vinstri.

Sveitarstjórnarmenn og þjónustuverkefni

Sveitarstjórnarmenn og þjónustuverkefni huga nú að prófkjörum fyrir borgarstjórnarkosninga á komandi vori. Ljóst er að nokkuð verður tekist á um sæti ofarlega á framboðslistum. Stöður oddvita flokkanna, þeirra Hönnu Birnu Kristjánsdóttur, borgarstjóra, Dags B. Eggertssonar og Einars Skúlasonar, nýs leiðtoga Framsóknar virðast traustar. Óvíst er enn með oddvitaefni Vinstri grænna en úr því mun verða skorið með forvali hreyfingarinnar innan tíðar.

Nú er erfitt ár hafið – bæði fyrir fólk, sveitarfélög og samfélagið í heild sinni. Því eru þeir sem nú gefa kost á sér til starfa fyrir Reykjavíkurborg og reykvíst samfélag á vettvangi borgarmála að bjóða krafta sína til þess að sinna og takast á við erfið og krefjandi verkefni. Verkefni sem ekki verða öll til vinsælda fallin.

Á vegum Reykjavíkurborgar hefur að undanförmu verið unnið að ýmsum þjónustuverkefnum sem eiga að koma fólki til góða – ekki síst í ljósi erfiðari tíma en fólk hefur vanist um skeið.

Þorsteinn G. Hjartarson, framkvæmdastjóri Þjónustumiðstöðvar Breiðholts ræðir í viðtali í þessu tölublaði Breiðholtsblaðsins um störf þjónustumiðstöðvarinnar og þau margvíslegu verkefni sem unnið er að í þágu íbúa hverfisins. Breiðholtið er ekki gleymt borgarhverfi eins og stundum hafa heyrst raddir um. Þar er að finna öflugt félagsstarf og fjölskrúðugt mannlíf sem stjórnmalafólk verður að taka mið af þegar er það gefur kost á sér til starfa á hinum pólitíska vettvangi borgarmálanna.

Þjóðin og flokkarnir

Með synjun undirritunar á lagasetningu Alþingis um ríkisábyrgð á greiðslum til Breta og Hollendinga vegna eins umtalaðasta vanda Íslendinga setti forseti Íslands þetta mál í enn nýja stöðu. Færa má rök að því að hann hafi fært málið á byrjunarreit að nýju með erfiðum afleiðingum fyrir Íslendinga sem verði að búa við fjármálalega einangrun enn um sinn. En einnig má líta á málið með þeim hætti að forsetinn hafi sett það í þá stöðu að gefa þjóðkjörnum fulltrúum á Alþingi kost á að leggja niður hatrammar deilur flokka og flokksbrota sem einkennt hafa meðferð þess allt frá fyrstu tíð en ná þess í stað saman um að koma sameinaðir til samninga við þær þjóðir sem þar um ræðir. Spurningin er um hvort stjórnmalamenntelja mikilvægar. Hagsmuni lands og þjóðar til frambúðar eða stundarhagsmuni flokka og flokksbrota til skemmri tíma.

ÍR hlýtur styrk vegna nýbúaverkefnis

ÍR hlaut nýverið styrk úr Forvarna- og framfarasjóði. ÍR hlaut styrkinn vegna framfaraverkefnis félagsins en það var í hópi 11 verkefna sem hlutu styrk að þessu sinni.

Verkefnið snýr að gerð upplýsingarits á sex tungumálum og hefur ípróttafélagið þegar látið útbúa bækling með upplýsingum um framboð félagsins á frístundum og um frístundakortið á sex tungumálum. Markmiðið með verkefni

þessu er að hvetja til aukinnar þátttöku ungs fólks af erlendum uppruna í starfi félagsins.

Að þessu sinni bárust alls 57 umsóknir um styrki úr sjóðnum. Verkefnin sem styrkt eru að þessu sinni eru fjölbreytt og má þar nefna skiðakennslu fyrir fatlaða, lestrarbók um jákvæða og örugga netnotkun, námskeið fyrir einhverf börn og unglíngla og náttúruleikvöllur við Norræna húsið með aðgengi fyrir fatlaða,

svo nokkur séu nefnd. Markmiðið með stofnun forvarna- og framfarasjóðs Reykjavíkurborgar er að stuðla að árangri í forvarnastarfi, eflingu félagsauðs, auknu öryggi íbúa og bættri umgengni í borginni. Ennfremur er það hlutverk sjóðsins að gefa einstaklingum, félagasamtökum og fyrirtækjum tækifæri til frumkvæðis og nýsköpunar á sviði forvarna og framfara.

Þrjú skólar hlutu styrk

Þremur skólum í Breiðholti var úthlutað styrkjum úr Sprotasjóði. Fjölbrotaskólinn í Breiðholti hlaut styrk að upphæð 800 þúsund krónur vegna svonefndra Menntora en það eru nemendur sem aðstoða aðra nemendur sem eru af sama uppruna en slíkt starf er nauðsynlegt og hefur gefið góða raun í fjölmennignarsamfélagi.

Seljaskóli hlaut 700 þúsund króna styrk til verkefnis sem kallast "Í upphafi skyldi endirinn skoða" og snýr að samræmdu námsmati í lestri í fyrsta til fjórða

bekk. Þá hlaut Ölduselsskóli 600 þúsund króna styrk vegna upplýsinga- og þjónustuvefs um náms- og starfsráðgjöf á grunnskólastigi.

Sprotasjóður var stofnaður á grundvelli laga um grunn- og framhaldsskóla og hefur það hlutverk að styðja við þróun og nýjungar í skólastarfi í leik-, grunn- og framhaldsskólum í samræmi við stefnu stjórnvalda og aðalnámskrá viðkomandi skólastiga. að þessu sinni ákvað mennta- og menningarmálaráðherra að tilögðu stjórnar, að veita styrki til 44 verkefna að upphæð tæplega

44. millj. kr., en alls bárust 143 umsóknir. Áherslusvið sjóðsins voru að þessu sinni: Sveigjanleiki og fjölbreytni í námi og kennsluháttum og lestrarkennsla og læsi í víðum skilningi. Fimm manna stjórn metur umsóknir og gerir tillögur til mennta- og menningarmálaráðherra um styrkveitingar. Í nefndinni eru fulltrúar frá Kennarasambandi Íslands, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Samstarfsnefnd háskólastigsins og mennta- og menningarmálaráðuneyti.

Prófkjör Sjálfstæðisflokks í Reykjavík stillum upp öflugum framboðslista!

frumkvæði
kraftur
& ferskleiki

HILDUR
SVERRISDÓTTIR
4.-5. SÆTI

www.hildurverris.is



Það sem hafa ber í huga varðandi andlát og útför



Sverrir Einarsson



Hermann Jónasson



Jón G. Bjarnason



Bryndís Valbjarnardóttir



ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS

Suðurhlíð 35 Fossvogi • www.utfarin.is

Vaktsími: 581 3300 & 896 8242 • Sólarhringsvakt

Komum heim til aðstandenda ef óskað er

Kístur • Krossar • Sálmaskrár • Duftker • Blóm • Fáni • Gestabók • Erfidrykkja • Prestur Kirkja • Legstaður • Tónlist • Tilkynningar í fjölmiðla • Landsbyggðarþjónusta • Líkflutningar

ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR

Flatahraun 5a • www.utfararstofa.is

Vaktsími: 565 5892 & 896 8242 • Sólarhringsvakt

Komum heim til aðstandenda ef óskað er

ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR

Prófkjör Sjálfstæðisflokksins í Reykjavík 23 jan

Marta
Guðjónsdóttir

3. Sæti



Sterka konu í borgarstjórn

Ég legg áherslu á að Reykjavík skapi góð skilyrði fyrir aukinni atvinnuuppbyggingu í borginni til að draga úr atvinnuleysi. Mikilvægt er að tryggja hag heimilanna með því að viðhalda grunnþjónustunni við borgarbúa, hækka ekki útsvar eða gjaldskrár. Góð grunnþjónusta við borgarbúa er lykilatriði og hún verður best tryggð með aukinni skilvirkni og hagræðingu í borgarkerfinu.

Hlúa þarf vel að eldri borgurum með virðingu og valfrelsi að leiðarljósi. Mikilvægt er að Reykjavík varði leiðina að fjölbreyttum og gróskumiklum grunnskóla, stórauki samvinnu og samhæfingu grunnskóla, tónlistarskóla og þeirra félaga sem sinna tómstunda- og íþróttaiðkun barna.

Prófkjör Sjálfstæðisflokksins í Reykjavík 23 jan

Marta
Guðjónsdóttir 3. Sæti

VIÐTALIÐ

Þorsteinn Hjartarson, framkvæmdastjóri Þjónustumiðstöðvar Breiðholts spjallar við Breiðholtsblaðið að þessu sinni. Hann hefur aldrei búið í Breiðholtinu en tengist því engu að síður á ýmsan hátt. Hann kom til starfa sem framkvæmdastjóri Þjónustumiðstöðvar Breiðholts í byrjun maí 2007 en hafði áður starfað sem skólastjóri Fellaskóla um árabíl.

Ég er sveitakarl í mér

Ég ákvað að sækja um starf framkvæmdastjóra þegar Ragnar Þorsteinsson, var ráðinn fræðslustjóri Reykjavíkurborgar. Ég hafði starfað í Breiðholti við skólastjórn og þekkti því hverfið ágætlega og þekkti einnig vel til helstu samstarfsaðila Þjónustumiðstöðvarinnar. Ég held að það hafi líka hjálpað mér á vissan hátt að koma utan frá og geta horft á málefni Breiðholtsins með augum gestsins rétt eins og með augum þeirra sem starfa í hverfinu. Ég kynntist sveitarstjórnarmálum vel í heimaþæ mínum Hveragerði, þar sem ég átti sæti í bæjarstjórn um tíma en lét af þeirri setu þegar ég tók við framkvæmdastjórnastarfi Þjónustumiðstöðvarinnar - þetta gat ekki farið saman."

Megum aldrei hægja á þróunarferlinu

Þjónustumiðstöðvar borgarinnar voru stofnaðar á árinu 2005 og með þeim var stígið stórt skref í að tengja saman ýmsa þjónustu, upplýsingagjöf til íbúa og ráðgjöf sem áður hafði verið sinnt að hluta til miðlægt frá nokkrum stöðum í borginni - þar á meðal sérfræðiþjónustu við grunnskóla og leikskóla og félagsþjónustu. Þjónustumiðstöðvunum var einnig ætlað það hlutverk að vera eins konar tengiliðir við aðra stjórnarsýslu í borginni. "Starf okkar byggist mikið á þróunar- og umbótastarfi og megum við aldrei hægja á þróunarferlinu. Við verðum að hlusta vel á notendur þjónustunnar til að finna út hvaða þarfir eru brýnastar hverju sinni. En til þess þurfum við meðal annars að þekkja hverfið vel og vera læs á menningu þess og sögu - íbúasamsetningu, hefðir og félagsleg tengsl íbúa. Einnig starfsemi og tengsl skóla, félagsamtaka, stofnana og fyrirtækja. Þetta er stórt en afar gefandi verkefni"



Þorsteinn G. Hjartarson, framkvæmdastjóri fyrir utan vinnustað sinn Þjónustumiðstöð Breiðholts.

Varð upptekin af hverfismenningunni

Þorsteinn segist hafa strax í sínu fyrra starfi sem skólastjóri Fellaskóla orðið mjög upptekin af hverfismenningunni og að finna út hvernig styrkja mætti hin félagslegu tengsl innan samfélagsins. "Eitt af því sem ég reyndi að leggja mig eftir á þeim tíma var að styrkja tengsl skólans við hverfið og efla félagsauðinn. Menning hverfisins er fjölskrúðug og í Breiðholtinu býr fólk frá mörgum þjóðlöndum. Þess vegna er afar mikilvægt að vinna markvisst að því að tengja fólk með ólíkan menningarbakgrunn saman og að allir geti notið sín á eigin forsendum." Þorsteinn segir ánægjulegt

að geta sagt frá því að Þjónustumiðstöðin hafi að undanförunu eflt ráðgjöf og þjónustu við fólk af ólíkum uppruna og til skóla og stofnana hverfisins. "Kennsluráðgjafi í nýbúafraeðslu kom til starfa hjá okkur árið 2008. Hún heitir Arnbjörg Eiðsdóttir og vinnur af krafti með öðrum ráðgjöfum þjónustumiðstöðvarinnar, starfsfólki skólanna og fleiri aðilum í borginni. Hún hefur meðal annars leitt þróunar- og samstarfsverkefni sem snýr að félagslegri styrkingu ungs fólks af erlendum uppruna á framhaldsskólaaldri. Við köllum verkefnið "Ný tækifæri" og tengist það námi og starfsþjálfun í leikskólum, grunnskólum, vinnuskóla og frístundaheimilum í hverfinu. Það er gaman að geta sagt frá því

að nýlega fékk Fjölbrotarskólinn í Breiðholti styrk frá Menntamálaráðuneytinu til að þróa verkefnið áfram í formi nýrrar valgreinar. Ég verð einnig að nefna upplýsingavefinn Fjölsvaka sem nýttist innflytjendum og fólki sem vinnur með þeim. Þá höfum við verið upptekin af því að vinna að samþættingu og samstarfi á milli þjónustuaðila og stofnana sem sinna íbúum hverfisins. Nú er til að mynda verið að þróa skemmtilegt samstarf Þjónustumiðstöðvarinnar, Heilsugæslunnar í Efra-Breiðholti, Barnaverndar og Barna og unglingaþeildar Landsspítala háskólasjúkrahúss. Ég tel að þar sé um að ræða árangursríkt samstarfsverkefni en fleiri framsæknun samstarfsverkefnum verður

án efa komið á laggirnar á næstu misserum, þvert á svið, stofnanir, ríki og borg. Ég hef a.m.k. mikinn áhuga á að vinna í þeim anda, eitthvað sem kemur íbúunum örugglega til góða og styrkir um leið nærþjónstuna."

Meiri áhersla á lýðheilsuna

Þorsteinn ræðir um félagsstarfið í Breiðholti, í Gerðubergi og í Árskógum og segir ánægjulegt að kynnast þeim mikla metnaði sem þar sé til staðar. Hann nefnir verkefnið "Kynslóðir saman" sem dæmi um starf sem sé til fyrirmyndar og þar hafði bæði Hólabrekkuskóli, Fellaskóli og reyndar fleiri grunnskólar komið sterkt inn ásamt nokkrum leikskólum í Breiðholtinu. "Það er einnig ánægjulegt að sjá félagsstarfið þróast í átt að meiri heilsuefingu með aukinni áherslu á íþróttir og hreyfipjálfun. Þar kemur fólk á ýmsum aldri saman til þess að stunda útiveru og þjálfun sem eflir líkamann og stuðlar að auknum lífsgæðum. Ég tel að lýðheilsuþátturinn eigi eftir að verða enn stærri hluti af starfsemi og úrræðum Þjónustumiðstöðvanna og helst hjá öllum starfsstöðvum þeirra. Áhugi á lýðheilsu er sem betur fer að aukast í samfélaginu og ég tel að þjónustumiðstöðvar borgarinnar eigi eftir að huga meira að slíkum áherslum í starfi sínu." Þorsteinn segir umhverfi og umgjörð Breiðholtsins einstaka að þessu leyti. "Hér er mjög góð aðstaða til útivistar og hreyfingar. Hér liggja göngustígar út um allt og víða má finna leiksvæði frá náttúrunnar hendi. Hér er hægt að ganga út frá heimilinu og eftir örfáar mínútur er maður kominn út í náttúruna."



Nýtt skoðunarár

Við bjóðum alla ökutækjaeigendur velkomna til okkar á nýju ári. Áfram munum við bjóða upp á faglega og góða þjónustu líkt og við höfum gert undanfarin 15 ár.



Adalskóðun, faggildur skoðunaraðili í 15 ár

Adalskóðun

Skoðunarstöðvar:

Reykjavík
Skeifunni 5
Sími 590 6930

Hafnarfjörður
Hjallahrauni 4
(við Helluhraun)
Sími 590 6900

Kópavogur
Skemmuvegi 6
(bleik gata)
Sími 590 6935

www.adalskodun.is

Mikilvægt að þekkja hverfið

Þorsteinn segir mikilvægt að þekkja og greina hvað sé að gerast í hverfinu og einstaka hlutum þess á hverjum tíma. “Það er afar mikilvægt að vinna náið með foreldrum, skólum, íþróttafélögum, frístundamiðstöðvum, lögreglu og fleirum. Nauðsynlegt er að fylgjast með uppveiti barna og unglinga og greina fljótt ef eitthvað má betur fara. Þar á ég meðal annars við það sem getur leitt ungt fólk af réttu leið í lífinu. Í því sambandi þarf að efla foreldrafærni og styðja við bakvið á þeim foreldrum sem hafa þörf fyrir ráðgjöf og stuðning í uppeldismálum. Uppeldið fer fram að stærstum hluta inni á heimilunum og því þarf að styrkja foreldra í foreldrahlutverki sínu eins og frekast er kostur. Rannsóknir sýna að þetta er lykilatriði þegar kemur að þroska og velferð hvers barns. Núna eru nokkrir samráðshópar virkir í Breiðholti þar sem unnið er að því að efla jákvætt og uppbyggjandi starf meðal íbúanna. Þar koma til dæmis að fulltrúar frá kirkjunni, frístundamiðstöðvunum og skólunum. Auðvitað má alltaf eitthvað betur fara sem snýr að ungu fólki - reyndar að fólki á öllum aldri. Þá veitum við til dæmis skólum ráðgjöf sem vilja innleiða kerfi sem byggist á heildstæðum stuðningi við jákvæða hegðun og þegar hefur það haft góð áhrif á skólabraginn hjá þeim sem vinna í þessum anda. Svo höfum við á Þjónustumiðstöð Breiðholts unnið náið með hverfisráði og Íbúasamtökunum Betra Breiðholt. Það er ánægjulegt að sjá hvað fulltrúar í hverfisráðinu og stjórnarfolk íbúasamtakanna tekur hlutverk sitt alvarlega gagnvart því að vinna að mikilvægum framfarumálum, svo sem í umhverfismálum og nágrannavörslu. Þetta hefur

einnig komið sterkt fram á Breiðholtsdögum þar sem góður andi og samstaða ríkir milli þeirra sem koma á einhvern hátt að þeim og öðrum viðburðum í hverfinu. Ég vil einnig nefna alveg sérstaklega íþróttafélögin ÍR og Leikni. Bæði þessi félög vinna frábært starf í Breiðholti og hafa þau bæði tekið stór skref sem meðal annars laða fólk af erlendum uppruna að starfi sínu. Það var ánægjulegt að ÍR-ingar skyldu nýlega fá styrk úr Forvarna- og framfarasjóði Reykjavíkurborgar vegna útgáfu á upplýsingabæklingi á sex tungumálum”

Hef nokkrar áhyggjur af næstu mánuðum

Þorsteinn leggur mikla áherslu á nærþjónustuna og vaxandi hlutverk hennar í mannlegu samfélagi. “Ég sé jafnvel fyrir mér að næstu sveitarstjórnarkosningar muni snúast meira um nærþjónustu og samþættingu verkefna þvert á stofnanir ríkis og sveitarfélaga. Þar er til dæmis átt við ýmis verkefni og þjónustuþætti sem snúa beint að íbúunum úti í hverfum borgarinnar. Við höfum einnig verið að stíga inn í nýtt tímabil þar sem fjölmennig setur enn sterkari svip á samfélagið í Breiðholti sem og annarsstaðar. Margt hefur gengið vel í þeim efnum en við þurfum alltaf að vera á varðbergi og greina það sem betur má fara. Á síðasta ári leituðu mun fleiri til þjónustumiðstöðva borgarinnar til að fá upplýsingar um rétt sinn, en fyrri hluta ársins kom upp mikil óvissa meðal margra - eðlilega. Hið mikla umrót og þær hremmingar sem hafa gengið yfir eftir bankahrunið eiga auðvitað sinn þátt í því. Margir búa við bágan fjárhag og eru því undir miklu álagi, það segir sig sjálf að það gengur misvel hjá fólki að takast á við þær aðstæður sem

við stöndum nú frammi fyrir. Ég hef nokkrar áhyggjur af næstu fjórum til fimm mánuðum, en reynslan sýnir að fyrstu mánuðir hvers árs eru mörgu fólki erfiðir. Óvissustaða í landsmálapólitíkinni og aukni atvinnuleysi bætir þar ekki úr. Hér í Breiðholti bind ég hins vegar miklar vonir við nýtt samstarfsverkefni sem er að þróast þessa dagana í hverfinu undir forystu atvinnuálagahóps Reykjavíkurborgar - en Fjölbraut í Breiðholti, Frístundamiðstöðin Miðberg, Reykjavíkureild Rauða krossins, Námsflokknarnir og Þjónustumiðstöð Breiðholts eru að þróa með sér spennandi samstarf sem snýr að námi, virkni, og starfstengdum verkefnum fyrir ungt atvinnulaust fólk og jafnvel einnig þá eldri með stuðningi Vinnuálastofnunar og Reykjavíkurborgar. Verkefnið er enn í mótun en það hefur þegar fengið góðan hljómgrunn í kerfinu - fátt er verra en að atvinnulausir einangrist vegna þess að þeir hafa ekki að neinu að hverfa.” Þorsteinn segir að stjórnendur og starfsfólk þjónustumiðstöðvarinnar sé tilbúið að leggja til þekkingu og krafta til þess að hlúa að þessum hópi sem því miður sé of stór. Einnig þurfi að tengja samstarfsverkefnið ákveðið við nýsamþykkt virkni-verkefni Velferðarsviðs sem snýr að fólki án atvinnuleysisbótaréttar sem er á fjárhagsaðstoð. “Ég fæ ekki annað séð en að atvinnuleysi verði viðvarandi að minnsta kosti um tíma og reynslan sýnir að ábyrgð ríkis og sveitarfélaga er mikil - við megum alls ekki sitja með hendur í skauti. Með skapandi hugsun og miklum samstarfsvilja þvert á stofnanir er margt hægt að gera til að vinna gegn neikvæðum áhrifum atvinnuleysis. Hér í Breiðholti hafa reyndar kirkjur, skólar, íþróttafélög og fleiri stofnanir sýnt vilja til þátttöku í virkni-verkefnum í hverfinu sem er

afar ánægjulegt. Það sýnir vel að mörgum er umhugað um velferð íbúanna.”

Er mikill sveitakarlinn við beinið

En aftur að manningu Þorsteini Hjartarsyni. Hvergerðingnum sem hefur valið að starfa með Breiðholtsbúum. Hann segist hafa fylgst með uppbyggingu Breiðholtsins á sínum tíma eins og margir aðrir. Þetta hafi verið merkileg þróun nýrrar byggðar og uppbygging stærsta hverfis borgarinnar. “Ég hef starfað í Breiðholti nær óslitið frá árinu 2000 að undanskildu skólaárinu 2003 til 2004, þegar ég stundaði mastersnám í stjórnum. Á þessum árum var ég á kafi í skólamála- og sveitarstjórnarumræðu allt þar til ég kom að Þjónustumiðstöðinni. Þá þegar var ég farinn, ásamt samstarfsfólki mínu í Fellaskóla, að þróa samstarf við félagsþjónustuna í Breiðholti og síðar þjónustumiðstöðina. Fór einnig að vinna með Miðbergi, átti gott samstarf við hverfislögregluna og fleiri aðila. Þessi reynsla nýttist mér vel þegar ég kom hingað á Þjónustumiðstöðina. En ef ég kem nánar að sjálfum mér þá er ég Hvergerðingur og ólst þar upp. Ég flutti síðan frá Hveragerði í allmörg ár - fyrst vegna náms en síðan starfa. Ég flutti svo aftur í Hveragerði 1998, ásamt Ernu Ingvarsdóttur eiginkonu minni og börnum, eftir að hafa starfað sem skólastjóri í Brautarholtskóla á Skeiðum í ellefu ár. Mér líkaði dvölin í sveitinni afar vel því ég er mikill sveitakarlinn inn við beinið. Ég ólst upp við allskyns útiveru og hestamennsku og á Skeiðunum gat ég sinnt þessu áhugamáli mínu vel. Ég var á kafi í hrossum ef svo má segja og hef reyndar enn mikil tengsl við sveitina, stunda hestamennsku þegar tími gefst til og á

einnig hlut í ferðaþjónustufyrirtæki sem býður upp á hestaferðir og fleira. Mér finnst einn stærsti kosturinn við Breiðholtið sá að þótt hverfið sé hluti af höfuðborginni þá er þar að finna ákveðin hverfis- eða sveitabrag sem líkist því sem finna má víða úti á landi. Hverfisbragurinn er sterkur og ber fólk mikla umhyggju hvert fyrir öðru - svölitið eins og ég kynntist í sveitinni - ég hef a.m.k. fundið fyrir þeirri hugsun hjá mörgu fólki sem ég hef kynnt í Breiðholti. Þá hef ég meðvitað reynt að rækta þennan sveitakarlinn, sem í mér býr, í þeim störfum sem ég hef verið að sinna hér í Breiðholti. Ég vona svo sannarlega að hann hjálpi mér í þeim mikilvægu verkefnum sem ég hef tekið að mér.”

Nethyl 2, 110 RVK

Gallery
fiskur

S: 587-2882

Lesendur ahtugið:
Fiskbúðin er full af ferskum fiski daglega

Veitingahúsið í Nethyl er opið í hádegi alla virka daga og fim-lau- kvöld

Hádegishlaðborð í kaffihúsinu Gerðubergi

www.galleryfiskur.is



2

Kjartan Magnússon borgarfulltrúi

Íbúar í Breiðholti!

Kjartan Magnússon borgarfulltrúi hefur unnið að mörgum góðum málum í þágu **Breiðholts** á undanförunum árum. Hann hefur átt drjúgan þátt í því átaki sem staðið hefur yfir við uppbyggingu íþróttamannvirkja og endurgerð skólalóða í hverfinu á kjörtímabilinu.

Það skiptir máli hverjir eru í borgarstjórn. Styðjum Kjartan áfram til góðra verka. Hann lætur verkin tala.

- Gervigrasvöllur ÍR. Kjartan flutti tillögu um málið árið 2004. Völlurinn tekinn í notkun 2007.
- Leiknishúsið. Tillaga Kjartans um málið árið 2005. Húsið tekið í notkun 2009.
- Íþróttahús ÍR við Skógarsel. Kjartan flutti tillögur um málið 2004 og 2005. Hönnun hússins er langt komin og viðræður standa yfir milli ÍR og borgarinnar um fjármögnun verksins og framkvæmdir.
- Glæsilegur skiðaskáli ÍR og Víkings í Bláfjöllum tekinn í notkun 2009.
- Skólalóð Hólabrekkuskóla endurgerð 2008-2009. Sparkvöllur með gervigrasi tekinn í notkun 2008.
- Skólalóð Fellaskóla endurgerð á árinu 2010.

- Framkvæmdir vegna endurgerðar skólalóðar Seljaskóla hefjast á árinu.
- Sparkvöllur með gervigrasi lagður við Breiðholtsskóla árið 2008. Skólalóðin verður endurgerð samhliða framkvæmdum við fyrirhugaða viðbyggingu skólans. Þar sem fresta varð viðbyggingunni í ljósi efnahagsástandsins verður skoðað hvort unnt sé að hefja endurbætur á skólalóðinni 2010.
- Sparkvöllur með gervigrasi lagður við Ölduselsskóla á árinu 2010.
- Körfuknattleiksvöllur úr gúmmíefni (tartani) verður lagður á skólalóð í Breiðholti 2010.
- Húsnæði frístundaheimila í Breiðholti stórbætt. Glæsileg æskulýðsmiðstöð opnuð í nýju húsnæði við Kleifarsel 2009.

- Líkamsrækt við Breiðholtslaug. Tillaga um uppbyggingu og rekstur líkamsræktarstöðvar við Breiðholtslaug í samvinnu við einkaaðila.
- Minnkum skutlið. Tillaga um frístundastrætó í Breiðholti sem ekur börnum úr skóla í frístundastarf.
- Tillögur um skipulagða nágrannavörslu, innbrotsvarnir og aðgerðir gegn veggjakroti.
- Tillögur um uppsetningu útsýnisskila í Breiðholti, fróðleiksskila við rústir gamla Breiðholtsbæjarins og flóðlýsingu í Árbæjarsafni.

Kjartan tekur þátt í prófkjöri sjálfstæðismanna í Reykjavík og sækist eftir 2. sæti.

Guðrún Dís stýrir Menningarmiðstöðinni Gerðubergi

Guðrún Dís Jónatansdóttir hefur verið ráðin tímabundið í starf framkvæmdastjóra Menningarmiðstöðvarinnar Gerðubergs frá 1. desember sl. að telja.

Hún er bókmenntafræðingur að mennt og hefur starfað sem verkefnisstjóri í Gerðubergi frá 2004 og sem staðgengill framkvæmdastjóra frá 2007 en gegndi áður starfi upplýsinga- og verkefnafulltrúa í Norræna húsinu. Guðrún Dís tekur við starfinu af Elísabetu Bjarklind Þórisdóttur sem óskaði eftir að láta af störfum eftir að hafa veitt Menningarmiðstöðinni forstöðu frá opnun hennar í mas mánuði 1983 eða í nær 27 ár.



Guðrún Dís Jónatansdóttir.



Hér má sjá hóp nemenda Hólabrekkuskóla með jólahúfurnar sínar.

Jólahúfudagur í Fellaskóla

Sú hefð hefur skapast í Hólabrekkuskóla að hafa einn dag í desember jólahúfudag. Þann dag koma nemendur og starfsfólk með jólasveinahúfur í skólann. Var þessi dagur nú í ár þann 9. desember og þá komu allir nemendur og kennarar skólans saman á sal til smá skemmtunar.

Yngri nemendur komu í fylgd þeirra sem eldri eru þ.e.s. vinarbekkir fylgdust að. Á skemmtun þessari fluttu nemendur í 8. bekk jólakvæði Jóhannesar úr Kötlu, allir sungu saman jólalög og skólahljómsveitin okkar sem er skipuð nemendum úr unglingsdeild spiluðu og sungu jólaglag við góðar undirtektir salarins. Að lokum veitti Hólmfríður skólustjóri viðurkenningar fyrir góðan árangur í fótbolta og skák. Kynnir skemmtunarinnar var Andrea Ísleifsdóttir nemandi í 10. bekk og formaður nemendafélagsins. Skemmtunin tókst frábærlega vel í alla staði og tala myndirnar sýnu máli. Annað sem nemendur Hólabrekkuskóla tóku sér fyrir hendur í aðdraganda liðinna jóla var bygging piparkökuhúsa. Fjölmargar húsagerðir urðu til og á myndinni má líta nokkrar þeirra.



Piparkökuhúsin voru af mörgum gerðum og stærðum.

38 dagforeldrar á slysavarnarnámskeiði

Slysavarnarnámskeið var haldið fyrir dagforeldra í Þjónustumiðstöð Breiðholts um síðustu helgi. Herdís L. Storgaard, forstöðumaður Forvarnahúss Sjóvá sá um fræðsluþáttinn en dagforeldrar þurfa reglulega að fara á slysavarnar og skyndihjálpar námskeið.

Að þessu sinni tóku þrjátíu og átta dagforeldrar þátt í námskeiðinu, flestir úr Breiðholti. Það eru daggæsluráðgjafar þjónustumiðstöðva Reykjavíkurborgar sem sjá um undirbúning og framkvæmd námskeiðanna.

nicorette
fruitmint

Mjúkt nikótínlyfjatyggigúmmí með piparmyntu- og ávaxtabragði

Nicorette er stuðningsaðili Krafts

Nicorette® nikótínlyf eru fánleg án lyfseðils og eru notuð til að draga úr nikótínþörf og fráhrariseinkennum þegar reykingum er hætt eða þegar dregið er úr þeim. Skammtar eru einstakingsbundinir eftir því hve mikið er reykt en hámarksdagskammtur nikótínlyfjatyggigúmmís er 24 stk. Til að ná sem bestum árangri skal fylgja leiðbeiningum í fylgiseðli. Lesið til tækis eða lyfjalæðings ef þörf er á frekari upplýsingum um lyf. Þeir sem fengið hafa ofnæmi fyrir nikótíni eða öðrum málhaldsefnum lyfjans, nýlegt hjartaáfall, óstöðuga versnandi hjartaþing, akvarlegar hjartaáttarufnar, ómeðhöndlaðan háþrýsting eða nýlegt heilabólfall eiga ekki að nota Nicorette. Börn yngri en 15 ára mega ekki nota Nicorette, þunguáðar konur og konur með barn á brjósti skulu eingöngu nota Nicorette í samráði við heilbrigðisstarfsfólk. Lesið allan fylgiseðlinn vandlega áður en byrjað er að nota lyfið. Markaðsleyfishafi: McNeil Denmark ApS, Umboð á Íslandi: Vistor hf., Hörgatún 2, 210 Garðabæ.

Undirskriftir gegn lokun Seljasafns

Hafin er söfnun undirskrifa gegn lokun Seljasafns borgarbókasafnsins en ætlunin er að loka því í sparnaðarskíni. Í frétt frá forsvarsmönnum undirskriftasöfnunarinnar segir að safnið hafi þjónað íbúum Seljahverfis og öðrum gestum frá 1992.

Aðstendendurnir benda á að Seljasafn gegni

mikilvægu hlutverki sem hverfissafn og ekki síst í kjölfar þeirra miklu efnahagsþrenginga sem margar fjölskyldur þurfa nú að glíma við. Þá er bent á að þau rök að meginsparnaðurinn sem hljótist með lokun Seljasafns sé húsleigukostnaður standist ekki. Ekki er auðvelt að sjá hagkvæmnina þar sem húsnaði safnsins sé í eigu Reykjavíkurborgar.



**ER LÍFIÐ ERFITT?
HJÁLPARSÍMI RAUÐA KROSSINS
ER OPINN 1717**

Rauði kross Íslands | Síminn

Björn Gíslason í 5. sætið

í prófkjöri Sjálfstæðisflokksins fyrir borgarstjórnarkosningar 23. janúar 2010

Björn er slökkviliðsmaður og varaborgarfulltrúi fæddur 5. apríl 1955. Hann ólst upp í Vogahverfinu og stundaði íþróttir af kappi á sínum yngri árum og spilaði með Fram í handbolta.

Björn er kvæntur Karólínu Gunnarsdóttur og eiga þau þrjú börn.

Með því að merkja við Björn Gíslason í 5. sæti tryggir þú honum brautargengi í komandi kosningum.

Pitt atkvæði skiptir máli!

Nánari upplýsingar má nálgast á www.bjorgislason.is





Á þriðja tug fólks sótti kynningarfund um heilsueflinguna í Gerðubergi fyrr í þessari viku. Sigurður Guðmundsson er að messa yfir fólkinu og eins og sjá má eru áhugasamir fólk á öllum aldri. Mynd AHG.

Áratugur heilsueflingar í Breiðholti

Áratugur heilsueflingar er að hefjast í Breiðholti. Raunar hófst heilsueflingartakið á Menningar- og listahátíð eldri borgara fyrir meira en ári en fór af alvöru af stað í byrjun síðasta árs. Það átak sem nú er að fara af stað er framhald þess fyrra og er byggt á þeim grunni og þeirri reynslu sem fengin er. Heilsueflingarátakið er ein af afurðum félagsstarfsins í Breiðholti og byggist á því að fá fólk til þess að koma saman og rækta líkama og sál, sýna sig sjá aðra og hreyfa sig í leiðinni.

Bylting en vantar enn meiri kraft

Sigurður Guðmundsson, fyrrum skólastjóri á Leirá og ferðamálafrömuður var feginn til þess að ýta átakinu úr vör á líðnu ári og hefur hann unnið ótullega að því síðan. Guðrún Jónsdóttir, forstöðumaður félagsstarfsins í Gerðubergi segir hann hafa strax tekið forystuna eins og hans var von og vísa og tekið til við að búa til hreyfingar- og útvistarprógrömm fyrir fólk. Guðrún segir að verið sé að byggja ofan á það sem fyrir var í hverfinu og unnið í samstarfi við ýmsa aðila – þar á meðal við hjúkrunarheimilin. Fólk fer í gönguferðir. Það stundar léttu leikfimi og nú er búið að tengja leikfimina dansinum sem verið hefur á dagskrá. “Það hefur í raun orðið ákveðin bylting að þessu leyti en okkur vantar enn meiri kraft í þessa starfsemi,” segir Guðrún.

Blanda af heilsurækt, lífs- gleði og félagsstarfi

Sigurður segir nauðsynlegt að ná til fólks að þessu leyti. Láta það vita hvað er í boði og að þessi heilsuefling sé fyrir alla. “Þótt þetta sé að hluta skipulagt fyrir fólk á góðum aldri og eldri borgara þá geta allir verið með og ekki er verið að amast við yngra fólki heldur þvert á móti er það sérstaklega velkom- ið. Við verðum að gæta þess að maður er manns gaman bæði í leik, söng og dansi. Við tökum gjarnan lagið og fáum okkur snúning bæði í tengslum við leikfimina og útiveruna. Þetta er svona blanda af heilsurækt, lífsgleði og félagsstarfi.” Guðrún tekur undir þessi orð Sigurðar og segir tilvalið fyrir fólk að taka þátt í átakinu – ekki aðeins til þess að hressa upp á líkamann með hreyfingu og útiveru heldur sé ekki síður nauðsynlegt að næra sálina. Hún tekur fram líkt og Sigurður að þetta heilsuefling- arfélagsstarf sé raunar fyrir alla en þó sniðið nokkuð fyrir fólk sem lok-

ið hafi hefðbundnum skyldustörf- um á vinnumarkaði eða sé ekki á vinnumarkaði af tímabundnum orsökum t.d. vegna þess þjóðfé- lagsástands sem bankakreppan hefur leitt af sér. “Fólk hefur mis- jafnan áhuga á útiveru og hreyfingu og því hefur þetta verið skipulagt innan almenns félagsstarfs þar sem hluti af prógramminu er að hittast og hafa gaman af samverunni,” segir Guðrún. Sigurður segir að göngufólkið hittist tvisvar í viku en þeir sem stunda leikfimina koma einu sinni í viku. Þeir sem stunda heilsueflinguna, sem fer fram í aðstöðu World Class í höfuðstöðv- um Orkuveitu Reykjavíkur hittast aftur á móti tvisvar í viku líkt og göngugarparnir. Gönguferðirnar og leikfimin eru þátttakendum ókeypis en greiða þarf fyrir þátttökuna í World Class hópnum. Gjald í einn mánuð með eldri borgaraafslætti er 8.490 krónur og gjald í þrjá mánuði með sama afslætti er 18.750 krónur.

Viljum samstarf við Lýð- heilsustöð

Segja má að heilsueflingarátak- ið sé sjálfsprottið og það hefur að miklu leyti verið unnið í sjálfböð- vinnu. Guðrún Jónsdóttir segir árangurinn þegar orðinn það mik- inn að nauðsynlegt sé að fá fleiri aðila að því. “Ég myndi vilja sjá að Lýðheilsustöð og landlæknisemb- ættið koma að þessu með okkur. Mér finnst ekki horft nægilega mik- ið á þetta frá þeirri hlið. Hreyfing og

félagsleg nærvera eykur bæði lífs- gæði og lífslíkur. Þess vegna er svo mikilvægt fyrir okkur að ná til sem flestra. Við höldum t.d. sérstakan kynningarfund fyrir nokkrum dög- um. Á þriðja tug fólks mætti á fund- inn og þar mátti sá fólk á öllum aldri þannig að það eru ekki aðeins gamlingjarnir sem vilja taka þátt í þessu með okkur. En við þurfum að vera dugleg að láta boðin ganga út til að fólk viti af þessu og geti komið og tekið þátt. Okkur vantar t.d. leikfimiskenndara í hverfið helst í fullt starf sem myndi sinna þessu. Kennara sem gæti farið á milli staða og boðið eldra fólki upp á léttar leikfimisæfingar. Við höfum verið í samstarfi við Háskólann í Reykjavík og á heilsuhlaupið sem farið var til styrktar Grensásdeild- inni og Edda Heiðrún Backman stóð við bakið á átti upptök sín hér. Og þá hefur Gunnlaugur Júlíusson, langhlaupari sem stundum hefur verið kallaður ofurhlaupari stutt við okkur.” Ingi Garðar Magnússon er einn þeirra sem hefur stundað heilsueflinguna frá því átakið hófst. Hann segir að sér líki vel, finnst gaman að koma í hópinn og vera með auk þess að finna breytingar á líðan sinni. Mér finnst ég allur hafa verið að hressast og lifna við og við þakka þessari auknu hreyfingu þann árangur. Óli Grens tók undir orð félaga síns úr heilsueflingunni. Sagði þetta þarft og heint frábært framtak sem fólk ætti að notfæra sér.

Greiðum leiðina fyrir samgöngur í Reykjavík

Kæri Breiðhylltingur!

Úhverfin í Reykjavík bjóða upp á frábær lífsgæði sem fáar borgir geta stært sig af. Það þekki ég.

Það er skylda borgarinnar að tryggja að fólk komist hratt og örugglega milli staða hvort sem það ferðast á bílum, í strætó, gengur eða hjólar. Ferðir (innanlands) kosta flest heimilin í borginni meira en matarinnkaup. Þannig viljum við ekki hafa það. Afrakstur vinnu þessa kjörtímabils er að ferðatími milli heimilis og vinnu hefur nú styst um 3-4 mínútur á dag að meðaltali, og það á álagstímum.

Við eigum að nýta tækifærið á meðan lítið verður byggt í borginni, til að styrkja hverfin okkar, bæta aðstöðu og hlúa að því sem fyrir er.

Gísli Marteinn Baldursson
borgarfulltrúi

Borgarbókasafn kynnis:

Ljóðaslamm

á safnanótt 2010
12. febrúar

þema:

væmni

Skráning fyrir 30. janúar 2010
á www.ljodaslamm.is

LJÓÐASLAMM er: Flutningur frumsamans ljóðs / ljóða með áherslu á flutninginn / gjörninginn. Einstaklingar eða hópar, ekki fleiri en 5 í hóp. Lengd atriðis hámark 5 mínútur.

Eru rennurnar og niðurföllin hjá þér farin að leka?



Fyrirtækið Rennur & Niðurföll tekur að sér að endurnýja og laga rennur & niðurföll, einnig aðra þakvinnu.

Upplýsingar í síma 694 8448, Ólafur

Útsalan í fullum gangi.

Verið velkomnar.

Fröken Júlía
Mjódd - S. 557 5900



Rúnar
Geirmundsson



Sigurður
Rúnarsson



Elís
Rúnarsson

Þegar andlát ber að

Síðastliðin 20 ár höfum við feðgar aðstoðað við undirbúning útfara.

Alhliða útfararþjónusta

Símar: 567 9110 & 893 8638

www.utfarir.is • utfarir@utfarir.is



Útfararþjónustan ehf.
Stofnað 1990

Notalegir fjölskyldumorgnar í bókasafninu

Í Borgarbókasafni Reykjavíkur er nú boðið upp á vikulega fjölskyldumorgna í aðalsafni og Gerðubergssafni þar sem fjölskyldum með ung börn er boðið að koma í safnið og eiga þar notalega samverustund.

Á safninu eru leikföng og alls kyns bækur fyrir börnin og þeir fullorðnu geta nálgast allt það spennandi efni sem safnið hefur upp á að bjóða, bækur, tónlist, kvikmyndir, blöð og tímarit, auk þess að hitta aðra foreldra til að spjalla, njóta samverunnar og þiggja hressingu. Í aðalsafni er auk þess lesið fyrir eldri börnin og sungið með þeim yngri. Allir sem eru með ung börn eru velkomnir, hvort sem fólk býr í viðkomandi hverfi eða annars staðar. Fjölskyldumorgnarnir eru í Gerðubergssafni á þriðjudögum frá kl. 10:30 til 11:30 og í aðalsafni í Tryggvagötu á fimmtudögum frá kl. 10:30 – 11:30.

Eitt af markmiðum fjölskyldumorgnanna er að veita fjölskyldum ungra barna óformlega fræðslu um ýmis málefni sem varða börn og uppeldi. Nú í janúar mun Ingibjörg Margrét Gunnlaugsdóttir leikskólaraðgjafi vera




Gluggað í bækur og spjallað saman á fjölskyldumorgni í bókasafninu.

í Gerðubergi 19. janúar og í aðalsafni þann 21. og spjalla um málþroska barna frá fæðingu til 5 til 6 ára aldurs. Hún mun ræða um hvernig eðlilegur málþroski barns gengur fyrir sig og á hvern hátt má styðja við hann.

Fjölskyldumorgnarnir eru samstarfsverkefni Borgarbókasafns, Menningarmiðstöðvarinn-

ar Gerðubergs og leikskólasviðs Reykjavíkurborgar. Hægt er að fylgjast með dagskránni á heimasíðu Borgarbókasafns, www.borgarbokasafn.is og einnig á Facebooksíðunni Fjölskyldumorgnar í bókasafninu. Fjölskyldumorgnar á bókasafninu eru frjálsleg og notaleg samverustund fyrir fólk með ung börn.

MAÐUR FRAMKVÆMDA Í BORGINA Jóhann Páll



7.sæti



SJÁLSTÆÐISFLOKKURINN



Hópur saman komin á sviðinu.

Líf og fjör í Félagsmiðstöðvum í Breiðholti

Félagsmiðstöðvarnar Hólmasel og 111 kvöddu gamla árið með stæl þegar undankeppni fyrir söngvakeppni Samfés var haldin þann 29. desember í Breiðholtiðsskóla. Níu atriði tóku þátt í keppninni, sem var sú glæsigasta, og fór Teitur Gissurason heim með sigurinn og mun þar af leiðandi keppa fyrir hönd Breiðholtiðs á Samfés hátíðinni sem verður haldin 5. til 6. mars í Laugardalshöll. Yfir 100 manns komu og horfðu á keppnina sem endaði með flottri flugeldasýningu fyrir utan skólann.

Nýja árið í Félagsmiðstöðinni Hólmasel ætlar einnig að fara vel af stað. Unglingarnir eru duglegir að mæta eftir jólafríð enda er nóg um að vera á hverjum degi. Borðtennis, pool, og PS3 er með því vinsælasta hjá unglíngunum og komast oft færri að en vilja. Við erum líka búin að opna spes stelpuherbergi þar sem stelpurnar geta leikið sér í Wii, lesið tímarit og fengið að vera í algjöru friði frá strákunum þegar þeim sýnist.

Annars er líka nóg að hlakka til í vor. Hólmasel og 111 ætla að slá saman í einn risa stóran viðburð þar sem við munum leita af hæfileikarikasta fólkinu í Breiðholtiðnu. Við hvetjum sem flesta til að taka þátt og mun þetta verða einn flottasti viðburðurinn okkar til þessa. Auðvitað verðum við líka með gömlu góðu viðburðina eins og Fáránleikavíku, Hólmstökk og útyapsvíku.

Í 111 hafa miklar framkvæmdir verið í gangi allan Desember mánuð. Við höfum tekið okkur til og búin til tvö auka herbergi sem munu bæta aðstöðu okkar til muna. Annað herbergið er sniðið að þeim sem vilja vera í PS3 og kíkja á Internetið auk þess sem góð aðstaða er í herberginu til þess að spila hin ýmsu borðspil. Í hinu herberginu er svo frábær aðstaða til þess að horfa á sjónvarp og spjalla. Auk þessarar nýju aðstöðu verðum við áfram með



Með bros á vör. Teitur Gissurason eftir sigurinn.



Tilbúin í slaginn.

pool borð, borðtennis, fótbolta-spil og margt fleira. Mætingin hefur verið með besta móti nú í byrjun árs, enda ekki að undra, því mikið líf og fjör er alla jafna í 111. Við viljum hvetja unglínga til þess að gerast vinir félagsmiðstöðvar-

innar á facebook, það er góð leið til þess að fylgjast með því hvað er á döfinni hjá okkur. Sjáumst öll hress í félagsmiðstöðinni 111 og Hólmasel á nýju ári 2010.

Efnilegt danspar



Sara Lind og Elvar Kristinn. Þau keppa í Kaupmannahöfn í febrúar.

Sara Lind Guðnadóttir og Elvar Kristinn Gapunay eru átta ára danspar og hafa dansað saman frá fimm ára aldri. Sara Lind er í 3 bekk í Ólduselsskóla og Elvar Kristinn er í 3. bekk í Smáraskóla. Þau æfa dans í dansskóla Sigurðar Hákonarsonar.

Þau urðu í 1 sæti í Reykjavík International í Latín dónsum í janúar á síðasta ári og í 1. sæti í latín og 2. sæti í ballroom í febrúar. Þá

komust þau í 1. sæti í latín og 1. til 2. sæti í ballroom í mars. Síðan urðu þau Íslandsmeistarar í latín og í 2. sæti í ballroom í maí. Þau urðu í 1. sæti í Latín og 2. sæti í ballroom á Lottoopen í nóvember einnig urðu þau Íslandsmeistarar í gömludönsunum í nóvember. Þau eru að fara í sína fyrstu erlendu danskeppni 18. febrúar og fara þau til Kaupmannahafnar og að keppa á Copenhagen open.

Jórunn Frímannsdóttir
Fyrir velferðina

3.
sæti

www.jorunn.is
Prófkjör Sjálfstæðisflokksins vegna borgarstjórnarkosninga í Reykjavík 23. janúar

4. SÆTI

www.aslaug.is
Áslaug María Friðriksdóttir

Prófkjör Sjálfstæðisflokksins í Reykjavík 23. janúar.

Bernskuminningar úr Breiðholti

Mikael Torfason rithöfundur flutti ungur í Strandasel 4, flutti á milli hæða og svo í Strandasel 9. Loks flutti mamma hans Vesturberg 142 en þá var Mikael kominn inni Nökkvavog og eyddi mömmuhelgum í Breiðholti. Hann man samt eftir öllum krökkunum, Fellahverfi og Neðra-Breiðholti og Mjóddinni og fegurðinni í anda stigaganganna.

Helgarbarn í Breiðholti


„Foreldra mínir skildu þegar ég var á fimmta ári og mamma varð eftir í Breiðholti ásamt systur minni en ég og bróðir minn enduðum í Nökkvavogi með pabba og stjúpmóður minni,“ útskýrir Mikael Torfason rithöfundur og bætir við að þeir bræður hafi auðvitað eytt ömmuhelgum og ýmsum fríum í Breiðholti. Foreldrar Mikæls, Torfi Geirmundsson rakari og Hulda Fríða Berndsen matrúðskona, voru í raun svokallaðir frumbyggjar í Seljahverfi.

„Fyrst bjuggum við í Strandasel 4. Mamma og pabbi fengu þar inni í Verkamannabústöðum. Við fluttum einu sinni á milli hæða, í stærri íbúð. Mamma flutti svo í Strandasel 9 og loks í Vesturberg 142 þar sem hún bjó þar til ég varð fullorðinn.“

Breiðholtsvillingur

„Það var auðvitað mikið um stórkostleg ævintýri í Breiðholti. Ég átti æðislega frændur, Finn og Jóa, sem bjuggu í Fellunum og við þá lék ég mikið á mömmuhelgum. Enda var nóg um að vera alltaf þegar maður var í Breiðholti og mikið af krökkum úti,“ segir Mikael og bendir á að Langholts- eða Vogahverfið ekki hafa verið jafn lífligt. „Að vísu var ég mjög lífligtur í því hverfi. Ég var hálfgerður Breiðholtsvillingur stundum í mínu hverfi,“ bætir hann við og hlær.“

En upplifirðu þig sem Breiðhylling?



Glatt barn. „Ja, það vantaði ekki að maður gæti brosað.“



Ég og pabbi. „Hér erum við feðgarnir einhver jólin. Voðaleg hamingja alveg hreint og eftirvænting eftir gjöfum.“

„Ég geri það, já. Og ég hef alltaf átt í miklu ástarsambandi við Breiðholtið. Nýjasta bók mín, Vormenn Íslands, gerist öll í Fellahverfi. Á tímabili var ég með það í kollinum að mín fyrsta bók, Falskur Fugl, sem kom út 1997, ætti að gerast í Breiðholti. En þá var Breiðholtið farið að minna á settlegu svefnhverfin í Voga-

hverfinu og því breytti ég Fölskum Fugli í Grafarvogsbók. Og að hluta til gerast Heimsins heimskasti pabbi, sem kom út 2000, og Samúel, 2002, í Breiðholti líka sem og Saga af stúlku, 1998.“

Draugsögur og sokkabolti

Þú flytur svo í Fellahverfi síðar?
„Jú, ég bjó í Fellahverfi þegar Falskur Fugl kom út fyrir 12 árum. Það var mjög sérstakt. Öll stemning svoldið farin úr hverfinu. Allavega hvað líf á götum varðaði. Ég var oft úti með krakkana mína, sérstaklega eldri strákin og rólóarnir voru svoldið eins og í draugasögu. Það vantaði alla krakkana sem gerðu hverfið svo skemmtilegt þegar ég var barn.“

Það hefur verið af sem áður var?

„Já. Ég man líka þegar ég var krakki að stigagangarnir voru alltaf fullir af krökkum. Þar sátum við og sögðum draugasögur eða lékum sokkahandbolta og svo framvegis. Það var alltaf fjör. Skipti engu hvort þessi eða hinn væri hjá pabba sínum þessa helgina, alltaf var nóg af krökkum að leika við,“ útskýrir Mikael og bætir því við að sérstaklega hafi verið gaman þegar foreldrarnir í blokkinni, einstæðu mæðurnar eða ungu hjónin, voru á leið á ball og allir krakkarnir í stigaganginum söfnuðust kannski saman í einni íbúðinni.

„Það gat verið mikið stuð ef við vorum mörg saman í pössun í einni íbúð. Því það voru auðvitað barnafjölskyldur í hverri einustu íbúð. Og þetta var flest fólk á svipuðum aldri, fannst manni þá, og krakkarnir því líka á sama aldri.“

Saknar Verkó

Í nýju bókinni þinni, Vormenn Íslands, er þér tíðrætt um forðoma í garð til dæmis Fellahverfis.

„Ég eyddi dálitlum tíma í að rannsaka þá. Það voru skrifaðar greinar í blöð af fínu fólki, vinstrisinnuðu og „góðu“, um hvað það væri ómurlagt að verið væri að reisa gettó í Breiðholti. Fólk var ógurlega viðkvæmt fyrir Fellahverfi. Og auðvitað smitar svona út í hverfið. Það þykir mér áhugavert og næstum því myndi,“ útskýrir Mikael og bætir því við að Verkamannabústaðirnir hafi heldur ekki fengið að njóta sannmælis í gegnum tíðina.

„Það er synd núna, þegar



Úti á svölum. „Ég hef ekki hugmynd um hvar þessi mynd er tekinn né hvað ég er gamall á þessum svölum.“



Mikael Torfason, rithöfundur. „Nýjasta bók mín, Vormenn Íslands, gerist öll í Fellahverfi.“

harðnar í ári, að við skulum hafa látið það líðast að einkavæða Verkamannabústaði. Þeir eru horfnir. Ungt barnafólk og aðrir sem eru að deyja úr blankheitum getur ekki fengið íbúð í blokk í Breiðholti lengur á viðráðanlegu verði. Þetta var falleg hugsjón í sjálfu sér og svona okkar „andels“, sem er ódyrt húsnæðiskerfi í Danmörku, en við gáfum auðvitað skít í allt svona í góðærinu.“

Kvikmynd í Breiðholti

„Í raun langar mig að skrifa fleiri sögur sem gerast í Breiðholti. Það er mér hagleikið. Ég er mjög hrifinn af sögu þess og hvernig það byggist upp. Og þegar ég leikstýrði bíómynd sem ég skrifaði handritið að og hét Gemsar, hún var frumsýnd árið 2002, þá gerðist hún öll í Breiðholti,“ segir Mikael og bendir á andstæðurnar í Breiðholti séu svo flottar.

„Bæði ríkir og fátækir búa í Breiðholti. Sem er reyndar svoldið séríslenskt en í Breiðholti verða kontrastarnir svoldið ýktari. Svo er þetta mjög merkileg byggingarsaga. Á næstum innan við tíu árum byggist upp risastórt hverfi sem er að mestu fyllt af barnafólki, mörgu frekar blónku. Og þetta er gert í kjölfar hruns sem var kannski ekkert ómerkilegra en það hrun sem við upplifum núna. Síldin hvarf 1969 og það ævintýri var kannski ekkert svo frábrugðið bankabrálaðinu. Þá þurrkuðum við upp síldina, útrýmdum heilum stofni, en núna þurrkuðum við upp erlend lánsfé og í bæði skiptin eyddum við öllu í vitleysu,“ segir Mikael og hlær.

Að lokum

Gætirðu hugsað þér að flytja aftur í Breiðholtið?

„Já, já, já. Ég bý í Grafarvogi í dag og er voða ánægður þar. Krakkarnir mínir eru í skóla hérna. Ég er óttalegur úthverfamaður í mér sjálfur. Bjó alltaf í úthverfunum en flutti að vísu í miðbæinn þegar ég mannaðist. Var lengi þar og í útlöndum. En ég held ég sé langhamingjusamastur austan við Elliðaár, segir Mikael torfason sem kveðst hafa verið hálfgerður Breiðholtsvillingur stundum og í raun langa til að skrifa fleiri sögur sem gerast í Breiðholti.“

Virk þátttaka íbúanna skiptir máli

Í öllum hverfum skiptir virk þátttaka íbúanna sköpum við mótun umhverfisins. Íbúarnir sjálfir vita best hvað á við í þeirra hverfi og hafa Breiðhyllingar verið duglegir að koma á framfæri hugmyndum sínum um betra Breiðholt. Af mörgu er að taka þegar kemur að endurbótum og nýjungum í grónum hverfum en á kjörtímabilinu hefur margt áunnist og afar mikilvægt er að áfram verði lögð áhersla á að ljúka endurbótum í hverfinu sem fyrst.

Breiðholtið er eitt stærsta hverfi borgarinnar og í hverfinu eru fimm grunnskólar þar sem framfer metnaðarfullt skólustarf. Til að gera góða skóla enn betri er mikilvægt að skólalóðirnar séu í góðu lagi. Nýlega lauk endurbótum á skólalóðinni við Hóla-

brekkuskóla sem er til fyrirmyndar. Þar er hægt að tvinna saman leik og nám sem kemur til móts við nútíma kennslukröfur. Það er ekki sama hvernig skólalóðir eru hannaðar því þær þurfa að vera öruggar, aðlaðandi og ýta undir hreyfingu barnanna. Þetta allt hefur tekist við hönnun skólalóðar Hólabrekkuskóla og getur hún orðið góð fyrirmynd fyrir endurbætur annarra skólalóða. Því miður er ástand við aðrar skólalóðir í Breiðholti slæmt og tel ég að það eigi að vera forgangsverkefni að fara í endurbætur á þeim. Í takt við þróun samfélagsins gegna skólalóðir mikilvægu hlutverki sem félagslegur og námslegur vettvangur og þær eiga einnig að geta nýst sem vettvangur íbúa hverfisins fyrir utan skólatíma. Það er einnig mikið hagsmunamál

fyrir foreldra að samþætta starfsemi grunnskóla, tónlistarskóla og þeirra féлага sem sinna tólmstunda og íþróttaiðkun barna. Breiðholtið er í raun þrjú hverfi sem tengja þarf betur saman t.d. með frístundastrætó og finna þarf leiðir til að breyta skipulaginu til að tengja hverfin betur saman.

Marta Guðjónsdóttir er varaborgarfulltrúi og gefur kost á sér í þriðja sæti í prófkjöri sjálfstæðisflokksins í Reykjavík.



Marta Guðjónsdóttir.

Grundvallaratriði

Rekstur borgarinnar verður í járnnum næstu misseri. Útsvarstekjur munu rýrna vegna lægri tekna íbúa og fasteignaskattar munu lækka. Borgin þarf að reyna hvað hún getur til að minnka útgjöld áfram enda hafa sjálfstæðismenn og framsóknarmenn hagrætt á kjörtímabilinu samhliða því að forgangsraða verkefnum án þess að hækka skatta og álögur. Borgarstjórnarflokkur sjálfstæðisflokksins hefur einsett sér að verja þjónustu sem snýr að velferðarmálum og börnum í borginni.

Í dag renna um 60% af um 60 milljarða króna tekjum borgarinnar til skóla- og velferðarmála eða í þá þætti sem flestir skynja að séu hluti af grunnþjónustu borgarinnar. Enn eru þá ótaldir mikilvægir málaflokkar eins og frístundaheimili, hreinsun og garðyrkja í borginni, sundlaugar og bókasöfn. Þessir málaflokkar eru álitnir nauðsynlegir af flestum en erfiðir tímar gætu kallað á ný viðmið, að minnsta kosti tímabundið. Sem dæmi var ákveðið í fyrra að þjónusta borgarinnar við hirðun garðúrgangs á sumrin væri ekki grunnþjónusta. Ýmis önnur þjónusta er á gráu svæði og getur verið talin nauðsynleg af sumum en ekki öðrum, enda kalla ólíkir einstaklingar á ólíka þjónustu.

Það er ljóst að skilgreining þjónustu er verkefni sem krefst útsjónarsemi og áráðni. Ég vil að slíkar ákvarðanir verði teknar í samvinnu við borgaríbúa. Í þessu sambandi er mikilvægt að horfa út á við og læra af öðrum þjóðum sem gengið hafa í gegnum svipaðar þrengingar. Sérstaklega er gagnlegt að horfa til reynslu Finna. Þar sýndi reynslan að langtímaáhrif kreppu felast oft í því hvernig börnum reiðir af löngu eftir að samdráttarskeiði lýkur. Oft er dulið í fyrstu hvaða áhrif breytingar á þjónustu geta haft. Til dæmis getur einföld breyting eins og minni gæsla á leikvöllum í frímínútum haft áhrif á öryggistilfinningu barna sem aftur getur haft áhrif á margt í lífi grunnskólanemenda. Verkefni næstu missera snúast um forgangsraðun þeirra grundvallaratriða sem íbúar borgarinnar telja mikilvægust.



Þorbjörg Helga Vigfúsdóttir.

Þorbjörg Helga Vigfúsdóttir, borgarfulltrúi.



Kennarar bjóða nemendur velkomna í Kvöldskóla FB

www.fb.is

Fjölbrautaskólinn í Breiðhol

Úrval af nýjum fiski

Kofareyktur rauðmági

Sjósiginn fiskur

Sólþurrkaður saltfiskur

Opið virka daga frá 10 til 18 og laugardaga fram yfir hádegi.

Fiskbúð Einars

Arnarbakka 4-6 • Sími: 551 1439 - 897 3639

borgarblod.is

Kona með viðtæka þekkingu og reynslu

Sýnum í verki að Sjálfstæðisflokkurinn er flokkur allra stétta og veljum

Elínbjörgu Magnúsdóttur verkakonu í

5. sæti

Betra Breiðholt

- Eftir Kjartan Magnússon borgarfulltrúa

Breiðholt hefur um áratugaskeið verið fjölmennasta íbúahverfi landsins en nú búa þar rúmlega 20 þúsund manns. Flest hverfi í Breiðholti byggðust upp með skjótum hætti og hefur oft verið bent á að þjónusta við íbúa hafi ekki náð að fylgja þessari hröðu uppbyggingu eftir. Á síðasta kjörtímabili gagnrýndi ég harðlega að Breiðholtið væri á eftir öðrum hverfum í borginni hvað varðar margvíslega uppbyggingu og flutti ýmsar tillögur til úrbóta, m.a. tillögu um sérstakt átak við að fegra og bæta leiksvæði, opin svæði, íþróttasvæði og skólalóðir í Breiðholti. Á yfirstandandi kjörtímabili hef ég haft tækifæri til að fylgja tillöguflutningi mínum eftir og vinna að margvíslegum framfarumálum Breiðhylltinga ásamt öðrum borgarfulltrúum. Hefur meirihluti sjálfstæðismanna og framsóknarmanna á kjörtímabilinu lagt sérstaka áherslu á að bæta aðstæður til hreyfingar og íþróttaiðkunar í Breiðholti eftir langvarandi kyrrstöðu.

Fjölmörg dæmi

Hér vil ég nefna nokkur dæmi um það sem áunnist hefur í málum Breiðholts á kjörtímabilinu og ég hef unnið að í störfum mínum sem borgarfulltrúi og formaður ÍTR. Gervigrasvöllur var tekinn í notkun árið 2007. Framkvæmdir við Leiknishúsið hófust 2007 og var það tekið í notkun sumarið 2009. Gengið var frá samningi milli ÍR og Reykjavíkurborg vorið 2008 um byggingu húsnæðis fyrir ÍR en framkvæmdum var frestað í ljósi efnahagsástandsins en hönnun er haldið áfram. Stöðugar viðræður standa yfir milli ÍR og borgarinnar þar sem leitað er leiða til að fjármagna verkið og hefja framkvæmd-

ir. Báðum þessum verkefnum var komið af stað eftir tillögum sem ég flutti í Íþrótt- og tómsundaráði. Glæsilegur skíðaskáli fyrir ÍR og Víking var tekinn í notkun í Bláfjöllum 2009. Skólalóð Hólabrekkuskóla var endurgerð fyrir rúmlega 100 milljónir króna og upphitaður og flóðlýstur gervigrasvöllur var tekinn í notkun 2008. Þá var skólalóð Fellaskóla endurgerð á árinu 2010 og hönnun vegna endurgerðar skólalóðar Seljaskóla stendur yfir og hefjast framkvæmdir á þessu ári. Nefna upphitaðan og flóðlýstan gervigrasvöllur við Breiðholtsskóla en sjálf skólalóðin verður endurgerð samhliða framkvæmdum við fyrirhugaða viðbyggingu skólans. Áætlað er að byggja upphitaðan og flóðlýstan gervigrasvöll við Ölduselsskóla á þessu ári. Annars sem geta má er að liðnu kjörtímabili hefur verið ráðist í átak við að bæta húsnæði frístundaheimila fyrir 6 til 9 ára börn í Breiðholti, m.a. með glæsilegri æskulýðsmiðstöð við Kleifarsel en þar er undir sama þaki frístundaheimilið Vinasel, frístundaklúbbur Hellirinn fyrir fötluð börn, þátttökubekkur frá Brúarskóla og Tónskóli Eddu Borg. Þá má geta um líkamsrækt við Breiðholtslaug, könnun á kostum þess að láta sérstakan strætisvagn aka börnum úr skóla í frístundastarf á vegum íþróttafélaga og tónlistarskóla og síðast en ekki síst skipulagðri nágrannavörslu og eflingu innbrotsvarna í þágu almennings í hverfum borgarinnar. Á yfirstandandi kjörtímabili hefur verið unnið að ýmsum verkefnum í Breiðholti og fleiri hverfum í samvinnu við lögregluna og farið var í víðtækar aðgerðir til að stemma stígu við veggjakroti. Þá hef ég flutt tillögur í Menningar- og ferðamálaráði

Reykjavíkur um uppsetningu útsýniskilta á útsýnisstöðum í Breiðholti og að fróðleikskilti verði sett upp við rústir gamla Breiðholtsbæjarins.



Kjartan Magnússon.

Margt hefur áunnist

Margt hefur áunnist í málum Breiðholts á yfirstandandi kjörtímabili eins og framangreind orð gefa til kynna. Ég stiklað á stóru varðandi þau verkefni sem tengjast mér. Það hefur verið afar ánægjulegt fyrir mig að taka þátt í þessum verkefnum, ekki síst sem formaður Menntaráðs og Íþrótt- og tómsundaráðs Reykjavíkur á undanförunum árum. Í störfum mínum hef ég lagt mig fram um að vera í sambandi við íbúa í Breiðholti og m.a. sótt marga fundi hjá hverfasamtökunum Betra Breiðholti og hinum öflugum hverfafélögum sjálfstæðismanna í Breiðholti sem og fjölda íþróttaviðburða hjá ÍR, Leikni og Ægi. Er ég þakklátur Breiðhylltingum fyrir fjölmargar vinsamlegar ábendingar um hagsmunamál hverfisins sem ég hef unnið að eftir efnun og aðstæðum hverju sinni. Ágætu íbúar Breiðholts. Ég hef gefið kost á mér í borgarstjórnarþrófjóri Sjálfstæðisflokksins laugardaginn 23. janúar. Óska ég eftir stuðningi ykkar í 2. sætið en með því tel ég að kraftar mínir nýtist best í þágu áframhaldandi vinnu að hagsmunamálum borgarbúa, verði ég í forystusveit.

Frækorn góðra hugmynda leynast í sverðinum

Seint á síðasta ári var haldinn opinn fundur í Breiðholtsskóla um framtíðarskipulag Breiðholts. Fundurinn var einn af 10 opnum fundum í fundaröð um skipulagsmál í hverfum borgarinnar. Markmið borgaryfirvalda með fundunum er að kalla eftir hugmyndum íbúa um skipulag hverfanna sem þeir búa í og mynda þannig gagnabanka sem nýtist við gerð nýs aðalskipulags.

Í upphafi fundar kynnti Júlíus Vífill Ingvarsson, borgarfulltrúi og formaður skipulagsráðs, þá vinnu sem nú fer fram við nýtt aðalskipulag og því næst útskýrðu Haraldur Sigurðsson, verkefnisstjóri aðalskipulagsins, og Ólóf Órvarsdóttir skipulagsstjóri aðferðarfræðina og vinnulagið við aðalskipulagsgerðina.

Gestir fundarins tóku þátt í umræðu- og vinnuhópum og ungu arkitektar voru með hugmynda-smiðju þar sem þátttakendur gátu komið hugmyndum sínum og ábendingum inn í vinnuferlið. Nóg var við að vera fyrir börnin sem komu með þátttakendum en Myndlistarskólinn í Reykjavík sá um krakkasmíðju sem var starfrækt samhliða umræðu- og vinnuhópum hinna fullorðnu. Mikill fjöldi hugmynda kom fram á fundinum og má finna hugmynda-banka fundarins á vefnum www.aðalskipulag.is. Má m.a. nefna að

íbúar vilja að verslunarkjarnar í Breiðholti verði styrktir, grænum svæðum og byggingum verði vel við haldið og svæðið við skíðabrekkuna byggt upp og notað á fjölpættan hátt til íþróttar og útivistar. Einnig var bent á að betri tengingar vantaði innan hverfisins sem leysa mætti með fleiri stígum og frístundastrætó.

Júlíus Vífill Ingvarsson, sem tók virkan þátt í fundinum með íbúum hverfisins, segir að margar góðar hugmyndir hafi komið fram sem nýtast munu við gerð aðalskipulagsins. Hann segir að nú sé unnið að undirbúningi aðalskipulags á annan máta en áður hafi verið og leitað eftir hugmyndum beint frá íbúum sjálfum. „Hugmyndirnar sem komu fram á fundinum eru grunnurinn að þeirri tillögu að aðalskipulagi sem nú er verið að vinna að og nær til ársins 2030 með framtíðarsýn til ársins 2050. Sjónarmið og hugmyndir íbúa sjálfra munu því móta aðalskipulagið og það er ljóst af þessum fundi og öðrum opnum fundum sem við höfum haldið með íbúum að frækorn góðra hugmynda leynast í sverðinum. Á þessum fundum höfum við í raun verið að ná inn uppskeru sem nú er komin í hús og mun næra nýtt aðalskipulag Reykjavíkurborgar,” segir Júlíus Vífill Ingvarsson, borgarfulltrúi.

Bóndadagurinn haldinn á Búálfinum

Búálfurinn í Hólagarði ætlar að halda upp á bóndadaginn að þessu sinni. Ætlunin er að bjóða upp á þorramat og snafs og er fólk þegar farið að skrá sig til þessa þorrafagnaðar. “Við höfum verið að velta fyrir okkur að vera með sérstakar uppákomur og fannst tilvalið að minnast þorrams á þennan hátt,” sagði Bjarni Hákonarson, einn eigenda Búálfsins í samtali við Breiðholtsblaðið.

Bjarni og félagar hans hafa verið að gera ýmsar breytingar á fyrirkomulagi Búálfsins frá þeir tóku við starfsemi hans á liðnu sumri. Eitt af því er að hætta með mat en reka staðinn þess í stað sem bolta- og hverfiskrá fyrir Efra Breiðholt. “Með því að draga saman í veitingum fengum við meira pláss fyrir gesti og betri aðstöðu fyrir þá sem koma til þess að fylgjast með boltanum. Hér er starfandi tippklúbbur sem telur um 50 manns sem koma og hittast hér reglulega. Þá höfum við farið út í að bjóða lifandi tónlist á fimmtudagsföstudags- og laugardagskvöldum. Við erum með jazzista sem koma hingað og spila klassíska standarta en einnig hljómsveitir sem spila allskyns léttu tónlist auk þess sem við erum með JD kvöld öðru hvoru.” Bjarni segir starfseminna hafa gegnið vel frá þeir tóku við henni en markmið þeirra var og er að skapa alvöru hverfiskrá. “Við höfum ekki þurft að eiga í útistöðum við fólk sem á í erfiðleikum með sjálf sig eins og vill brenna við á stöðum sem þessum. Við ákváðum strax í byrjun að slíkt fólk ætti ekki heima hjá okkur enda getur það oft verið öðru fólk til ama og vandræða. Ég verð að segja að það heyrir til undantekninga að við lendum í vanda út af slíku fólk enda vita

flestir í þeim hópi að þeir eru ekki velkomnir á Búálfinn. Við viljum sjá fólk rölta heiman frá sér, fá sér einhverja hressingu, horfa á boltann, spjalla saman, sýna sig og sjá aðra og hafa ánægju af. Þetta er hið klassíska hlutverk hverfiskráa,” segir Bjarni. Hann bætir við að auka þurfi samstöðu innan Hólagarðs og verið sé að vinna að hugmynd um að viðskipti við einn

geti leitt til viðskipta annarsstaðar. Ein þeirra hugmynda getur verið að viðskipti við tilteknar verslanir leiði af sér gjafakort fyrir einhverjum veitingum á Búálfinum. “Við erum að þróa þetta og mögulega verður eitthvað slíkt í boði í tilefni af bóndadeginum. Þetta er liður í að styrkja starfseminna í Hólagarði og einnig liður að efla hverfismenninguna í Hólum og Fellum.”

Hársnyrtistofan Galtará

Hraunbergi 4 • sími: 5572440

Óskar viðskiptavinum sínum gleðilegs árs og þakkar viðskiptin á liðnu ári.

Bjóðum gamla og nýja viðskiptavinum velkomna.

Kveðja Berglind, Bryndís, Gréta, Silla og Vilborg.

PROFESSIONAL
SEBASTIAN™



Arnór L. Pálsson
framkvæmdastjóri

Ísleifur Jónsson
útfarastjóri

Frímenn Andriðsson
útfararþjónusta

Svafar Magnússon
útfararþjónusta

REYNSLA • UMHYGGJA • TRAUST



Hugrún Jónsdóttir
útfararþjónusta

Guðmundur Baldvinsson
útfararþjónusta

Þorsteinn Elfsson
útfararþjónusta

Ellert Ingason
útfararþjónusta

Þegar andlát ber að höndum

Önnust alla þætti útfararinnar



ÚTFARARSTOFA
KIRKJUGARÐANNA

Vesturhlíð 2 • Fossvogi • Sími 551 1266 • www.utfor.is

Breiðhylting í borgarstjórn

Ég heiti Þorkell Ragnarsson og leita eftir stuðningi í 5. sæti í prófkjöri Sjálfstæðisflokksins þann 23. janúar næstkomandi. Ég er fæddur 28. október 1958. Fyrstu æviárin bjó ég í Kleppsholtinu en flutti síðan 1968 eða 10 ára gamall í neðra Breiðholtið og hef búið þar síðan. Ég á tvö uppkomin börn, Jóhannes, sem er fæddur 1982, pípuþingameistari og Björg, fædd 1985, laganemi við HÍ.

Ég hef starfað sem sölufulltrúi hjá Re/Max Mjódd og Re/Max Torg frá 2003. Hef áður starfað sem sölumaður trygginga hjá VÍS og einnig sem áfengis- og fjölskylduráðgjafi hjá SÁÁ.

Ég gekk í Sjálfstæðisflokkinn árið 1985. Formaður félags sjálfstæðismanna í Bakka- og Stekkjahverfi frá 1995 en í stjórn félagsins í 23 ár. Í stjórn Varðar-fulltrúaráðs sjálfstæðis-félaganna í Reykjavík frá 1995. Fulltrúi í Hverfisráði Breiðholts frá 2007. Verið í stjórn Íbúasamtakanna Betra Breiðholt frá stofndegi haustið 2006.

Íþrótta-æskulýðsmál í Breiðholti

Ég legg mikla áherslu á staðið sé vörð um hið góða íþrótta- og æskulýðsstarf sem starfrækt er hér í hverfinu. Ég stundaði sjálfur íþróttir frá unga aldri, lengst af hjá ÍR. Einnig hef ég sterkar taugar til Leiknis en þar spilaði ég knattspyrnu í meistaraflokki. Ég hef starfað mikið fyrir ÍR meðal annars sem gjaldkeri knattspyrnu-deildar frá '82-'89, sat í stjórn knattspyrnuráðs Reykjavíkur og var knattspyrnudómari fyrir ÍR um

langt árabil. Víða um hverfið eru litlir og hentugir spark- og körfu-boltavellir sem mætti nýta betur með betra viðhaldi og umhirðu. Ég vil að settir verði "battavellir" við alla grunnskóla í Breiðholti. Reynt sé að samræma skólatíma og íþrótta- og tómsundastarf og komið verði á frístundastrætó innan hverfisins. Nauðsynlegt er að aðstoðan fyrir börn og unglíngja sé sem best, því tel ég mikilvægt að framkvæmdir við byggingu íþrótta-húss á ÍR svæðinu verði hafnar sem allra fyrst. Ég legg til að betur verði staðið að kynningu á íþrótta og tómsundastarfsemi sem í boði er innan hverfisins fyrir nýbúa og þeir hvattir til að taka virkari þátt í því starfi.

Skólamáli í Breiðholti

Hraða þarf sem kostur er viðbyggingu við Breiðholtsskóla og bráðnaðsynlegum lagfæringum á lóð skólans. Það er óviðunandi að enn í dag sé notast við skúra sem kennslustofur eins og gert hefur verið síðustu fjórtíu ár. Skólalóð Fellaskóla þarf nauðsynlegar endurbætur og sama má segja um Seljaskóla og Ölduselsskóla. Mjög vel hefur tekist til með endurbætur á lóð Hólalækkskólans sem er orðin ein glæsilegasta skólalóð borgarinnar.

Mjóddin sem aðal verslunar- og þjónustukjarni Breiðholts

Óviðunandi er að ekki sé komið samkomulag milli Svæðisfélag Mjóddarinnar og Reykjavíkurborg-

ar um eignarhald og uppbyggingu bílastæða í Mjódd. Góð aðkoma og næg bílastæði er lykilforsenda þess að verslun og þjónusta geti vaxið og dafnað í kjarna eins og Mjóddinni.



Þorkell Ragnarsson.

Löggæslustarf í Breiðholti

Mikilvægt er að lögreglan sé sýnileg í hverfinu og að íbúum finnst þeir öryggir. Ég tel mikilvægt að efla hverfalöggæsluna og að hún haldist innan hverfisins. Nágrannavarslan sé styrkt, kynnt og efla. Nágrannavarslan hefur reynst vel í Breiðholti þar sem hún er komin á en hana þarf að auka og efla eins og kostur er.

Umhverfið

Samfélagið á að standa saman og hlúa að umhverfi sínu. Hreint umhverfi er betra umhverfi. Ég tel mikilvægt að Breiðholtið sé hreint og fallett og að gengið sé vel um það. Staðið sé að hreinsun opinna svæða í góðri samvinnu íbúa og yfirvalda. Ágætu Breiðholtsbúar, Breiðhylting í borgarstjórn – Þorkell Ragnarsson í 5. sæti.

Höf. er Þorkell Ragnarsson, formaður félags sjálfstæðismanna í Bakka- og Stekkjahverfi og á sæti í hverfiráði Breiðholts.

Rjúfum félagslega einangrun

Það er gríðarlega mikilvægt að vinna gegn félagslegri einangrun. Staðan á vinnumarkaðnum í dag er þannig að erfitt er að fá vinnu og er það ekki einskorðað við einhvern sérstakan hóp. Á tímum sem þessum, þar sem ört vaxandi hópur ungs fólks hefur ekkert annað en fjárhagsaðstoð til framfærslu er mikilvægt að við bregðumst við. Ungu fólki sem þarf að leita til Reykjavíkurborgar um fjárhagslega aðstoð er fólk sem hefur ekki atvinnuleysisbótarétt og fyrir því geta verið margar ástæður. Oftast eru þetta einstaklingar sem hafa flosnað upp úr námi, fá ekki vinnu og sjá sér ekki annað fært en að leita á náðir sveitarfélagsins um framfærslu, enda er það hlutverk sveitarfélagsins að veita þessa aðstoð.

Námskeið og virkniverkefni

Mikilvægt er að ná sem fyrst til fólks sem leitar eftir fjárhagsaðstoð, kynna fyrir því mikilvægi virkni í lífi hvers og eins og upplýsa ítarlega um stuðning, ráðgjöf og úrræði sem standa til boða. Öllum sem sækja um og eiga rétt á fjárhagsaðstoð hjá Reykjavíkurborg er nú boðið upp á sérstakt kynningarnámskeið. Á slíku námskeiði eru kynnt ítarlega öll þau úrræði og tilboð um virkni sem í boði eru í samfélaginu fyrir atvinnulausa. Einnig er farið yfir mikilvægi þess að vera virk/virkur meðan atvinnuleit stendur yfir og upplýst um helstu afleiðingar atvinnuleysis. Þeir sem óska eftir frekari stuðningi og ráðgjöf í framhaldi af svona námskeiði er boðið viðtal hjá ráðgjafa innan tveggja daga. Einstaklingar eru síðan boðaðir í viðtal á nýjan leik innan þriggja mánaða þar sem farið

er yfir stöðu mála, staða viðkomandi metin og honum boðinn sá stuðningur sem hann þarf.

Hvað er í boði?

Meðal þess Frimannsdóttir. sem einstaklingum er boðið upp á er þátttaka í verkefnum á sviðum borgarinnar. Þannig geta þeir kynnt margvíslegum störfum og verkefnum og viðhaldið samfélagslegri virkni með því að fá hlutverk og vera hluti af starfsmannahóp. Um er að ræða ýmis verkefni s.s. við hellulagnir, hreinsun veggjakrots, viðhald leiktækja og skönnun teikninga svo dæmi sé tekið. Þátttakendur undirrita þátttökuyfirlýsingu þar sem þeir skuldbinda sig til þátttöku í verkefni. Í þátttökuyfirlýsingu er tiltekið hvers konar verkefni um er að ræða ásamt mætingarskyldu og tryggingum á meðan á verkefninu stendur. Gert er ráð fyrir að einstaklingar mæti tvisvar til þrisvar í viku, þrjá tíma í senn í allt að þrjá mánuði. Í lok námskeiðs fá þátttakendur viðurkenningu fyrir þátttöku ef þeir hafa uppfyllt skilyrði fyrir mætingu. Viðurkenningarskjalið nýtist svo viðkomandi í áframhaldandi atvinnuleit. Það að ná tengslum við einstaklinga sem fá fjárhagsaðstoð og aðstoða þá félagslega með því að hvetja til þátttöku og virkni er mjög mikilvægt. Þetta er viðleitni okkar til þess.

Jórunn Frimannsdóttir er borgarfulltrúi.

Tökum þátt

Reykjavík er öflug borg og þar á áfram að vera eftirsóknarvert að búa. Reykvíkingar eiga að geta gengið að góðri þjónustu og tækifærum til framfara. Lausn efnahagsvandans felst ekki í auknum álögum heldur er það fjölbreytt atvinnulíf sem skapar grundvöll að lífsgæðum. Borgaryfirvöldum ber því að búa fyrirtækjum og einyrkjum samkeppnishæf skilyrði og stuðla að sátt um forgangsröðun verkefna úr sameiginlegum sjóðum borgarbúa.

Ég vil beita mér fyrir því að Reykvíkingar fái fleiri tækifæri til þess að taka þátt í stefnumótun borgarinnar með því að efla íbúakosningar enn frekar. Sjálfstæðisflokkurinn hefur þegar hafið mikilvæga vinnu í því sambandi

sem hefur skilað góðum árangri. Nauðsynlegur hlekkur í áttina að auknu íbúalýðræði er að auka kostnaðarvitund íbúa og fræðslu um fjármál og ráðstöfun fjármuna úr sameiginlegum sjóðum Reykvíkinga. Upplýsingar um gerð og samþykkt fjárhagsáætlunar fyrir hvert ár verða að vera aðgengilegar og skiljanlegar svo hægt sé að vinna að samstöðu og sátt á meðal borgarbúa um ráðstöfun úr sameiginlegum sjóðum þeirra. Ég veit að fjölbreytt reynsla mín sem lögfræðingur í atvinnulífni og í félagsmálum muni koma að gagni. Borgarstjórnarkosningarnar í vor munu snúast um hvað liggur til grundvallar því samfélagi sem við lifum í. Mikilvægt er að Sjálfstæðisflokkurinn stilli upp

sterkum lista sem höfðar til breiðs hóps kjósenda. Ég hvet því alla sjálfstæðismenn til að taka þátt í prófkjörinu svo tryggja megi samstöðu og sigurstranglegasta listann.

Hildur Sverrisdóttir Höfundur er lögfræðingur og býður sig fram í 4.-5. sæti í prófkjöri Sjálfstæðisflokksins í Reykjavík



Hildur Sverrisdóttir.

Eflum Breiðholtið

Ég er rötgróinn Breiðhyltingur, flutti hingað vorið 1971. Ég hef haft afskipti af borgarmálum samfellt síðan 1973 og með þeim hætti náð ýmsum góðum málum fram (nánari upplýsingar á simnet.is/gunnarhjortur).

Nái ég 4. sæti í prófkjöri Samfylkingarinnar 30. janúar mun ég meðal annars beita mér fyrir eftirtöldum málum. Laga skíðabrekka-pannig efst að skíðafólki ná auknum byrjunarhraða. Gera göngubrú yfir Breiðholtsbrautt rétt austan við Select. Gatnamót Reykjanesbrautar við Bústaðarveg verði gerð mislæg. Það er til skammar að allir borgarfulltrúarnir komu í veg fyrir að ríkið gerði þau 2007, eins og var á áætlun þess árs. Flugvöllinn úr Vatnsmýrinni og þar rýsi í staðinn þétt og blönduð miðborgarbyggð fyrir a.m.k. 42 þúsund íbúa og störf. Reykjavíkurborg er nú mjög fjárvana, því selji hún t.d. lífeyrissjóðunum lóðir sínar þar, fyrir a.m.k. 70 milljarða kr., eftir

að hafa gert gott deiliskipulag af svæðinu. Þetta fé ætti svo m.a. að nota til að grynnka á skuldum og viðhalda þökkalegu þjónustustigi í borginni eða bæta það.

Á síðasta landsfundi flokksins tókst mér að fá eftirfarandi tillögu samþykkt: „...þangað (á SV-hornið) ætti að beina miklum meirihluta vegafjár framvegis. Það er arðsamast fyrir þjóðarbúið og sanngjarnast á allan hátt.“ Ráðherran brást þannig við að hann minnkaði hefðbundinn hlut höfuðborgarsvæðisins úr ca. 25% undanfarin ár, í ca. 2,5% árið s.l. ár, og í ca. 0% í ár! Ég mun beita mér fyrir því að hlutur þessa svæðis verði framvegis a.m.k. 50%, komist ég í borgarstjórn. Enginn borgarfulltrúi mótmælti þessu gerræði ráðherrans opinberlega nema ég og tveir félagar mínir í grein í Mbl s.l. sumar. Vegna þess að slysum er farið að snarfjölgja á ný verði tekið upp aftur glæsilegt starf R-listans að fækkum umferðarslysa. Fækkunin verði nú 25% á 5

árum. Strætisvagnþjónustan verði bætt stórlega meðal annars með fjölgun sérakreina og aukinni ferðatíðni. Hjólreiðastígum verði fjölgað verulega. Þátttaka barna í íþröttum og öðru tómsundastarfi verði niðurgreidd meira en nú.

Öldrunarþjónusta við þá sem kjósa að búa heima verði bætt, t.d. með aukinni samþættingu heimahjúkrunar og félagslegrar heimahjúkrunar.

Höfundur er Gunnar H. Gunnarsson, verkfræðingur og hefur aðallega unnið að umferðaröryggismálum.

Hann gefur kost á sér í prófkjöri Samfylkingarinnar í Reykjavík.



Gunnar H. Gunnarsson.

Breiðholtsblaðið

Auglýsingasími: 511 1188 & 895 8298

2. sætið

Þorbjörg Helga Vigfúsdóttir

Kosningarnar í vor snúast um grundvallaratriði. Ég legg þunga áherslu á að standa vörð um skóla- og velferðarmál. Í ljósi reynslu minnar og þekkingar vil ég vera í forystu um að:

- verja þá grunnþjónustu sem snýr að skóla- og velferðarmálum,
- ný vinnubrögð festist í sessi,
- auka kostnaðarvitund sem er forsenda forgangsröðunar.

www.thorbjorghelga.is



Myndlistarskóli Kópavogs

Vorönn 2010
kennsla hefst 18. janúar

Morguntímar, dagtímar og kvöldtímar
í flestum greinum myndlistar.
Byrjenda- og framhaldshópar
fyrir börn og fullorðna.

Fjöldi áhugaverðra námskeiða.

Innritun á skrifstofu skólans
Smiðjuvegi 74 (gul gata)
kl. 15:00 til 18:00 mánudaga
til fimmtudaga í síma: 564-1134,
564-1195 og 863-3934

**Skoðið stundaskrána á
vefsíðunni okkar
www.myndlistaskoli.is**

NOTUÐ FÖT - NÝTT HLUTVERK

Kópavogsbúar

Nú eru Rauðakrossbúðirnar orðnar fjórar
Laugavegi 12
Laugavegi 116
Mjódd
Strandgötu 24, Hfj

Í Rauðakrossbúðunum leynast gersemar

Notuð föt - skautar - skíðaskór - leikföng og margt fleira



Rauði kross Íslands
Fatasöfnun

BREIÐHYLTING Í BORGARSTJÓRN

**PORKEL
RAGNARSSON Í
5. SÆTI
Í PRÓFKJÖRI
SJÁLFSTÆDIS-
FLOKKSINS
23. JANÚAR**



Um menningarstefnu Reykjavíkurborgar

Á árinu 2009 var samþykkt ný og endurbætt menningarstefna Reykjavíkurborgar. Stefnumótunin var á höndum menningar- og ferðamálasviðs Reykjavíkurborgar. Framkvæmd verkefnisins einkenndist af miklu samráði og við endurskoðun stefnunnar var leitað samráðs við ýmsa aðila. Haldnir voru stærri samráðsfundir snemma vors 2008, þar sem fjölbreyttum hópi fólks var boðið að taka þátt í hugarflugsvinnu með framtíðarsýn menningarlífs Reykjavíkur í huga og í framhaldi af því störfuðu nokkrir hópar að hugmyndavinnunni. Þegar drög að markmiðum og leiðum stefnunnar höfðu verið mótuð í lok nóvember 2008, voru þau send til ýmissa hagsmunasamtaka og menningarstofnana í Reykjavík, hverfisráða, íbúasamtaka, ásamt annarra sviða Reykjavíkurborgar og kallað eftir athugasemdum. Einnig voru drögin birt á vef Reykjavíkurborgar og almenningur hvattur til að tjá sig um drögin þar.

Hvað hefur breyst frá fyrri stefnumörkun? Nefna má helstu atriðin, í fyrsta lagi er búið

að gera stefnuna mun aðgengilegri, hún er meira útskýrandi en áður var sem er verulega til bóta þar sem fyrri stefnumörkun var nokkuð knöpp. Í öðru lagi er mikil viðurkenning falin í stefnunni, sem lýtur að því að viðurkennt er að menningarlífið í borginni sé mikilvægur hluti efnahags- og atvinnulífs borgarinnar og bæta þurfi úr sýn á hagræn áhrif menningar á samfélagið. Í þriðja lagi er stefnan að ákveðnu leiti "afskiptasöm" og fjallar um auknið samráð í borginni um hvernig hægt er að vinna að verkefnum í samráði og samstarfi milli sviða, ráða, stofnana og annarra aðila. Yfirskrift menningarstefnunnar er Menning er mannrækt og leiðarljós hennar er; Reykjavík eflist sem höfuðborg menningar í landinu. Sjálfsmynd borgarinnar byggir á menningararfi, frjófri hugsun og frumkvæði. Menningarlífið einkennist af fjölbreytni og virkri þátttöku íbúa og gesta. Menningarstefnan hefur á fáum mánuðum haft áhrif á uppbyggingu menningarstarfsins í borginni sérstaklega þar sem verulega mætti bæta um betur. Samráð milli sviða er mun meira og bæði menntasvið og leikskóla-

svið hafa tekið virkan þátt í að framfylgja ýmsum markmiðum í samvinnu við menningarstofnanir Reykjavíkurborgar. Menningarstefnuna er hægt að skoða á vef Reykjavíkurborgar og ég hvet til þess að þeir sem hafa áhuga geri það.

Það er mín sýn á þessi mál að með skýrri og hnitmiðaðri stefnumörkun eins og menningarstefnunni getum við náð meiri árangri en verið hefur. Sérstaklega var horft til þess að markmiðin og leiðir að markmiðum væru mælanleg og hægt að meta árangurinn af stefnumótuninni að þremur árum liðnum.

Höfundur: Áslaug María Friðriksdóttir, formaður menningar- og ferðamálaráðs Reykjavíkurborgar og varaborgarfulltrúi Sjálfstæðisflokksins í Reykjavík.



Áslaug María Friðriksdóttir.

Fólkið sé haft með í ráðum

Ég mun beita mér fyrir auknu samstarfi við atvinnulífið í borginni, auka atvinnutækifæri og efla umhverfi fyrir borgarbúa, þjónustu og fyrirtæki. Ég vil stuðla að betri og öruggari borg með því að bæta umgengni í borginni og auka löggæslu; bæði gangandi og keyrandi gæslu. Nauðsynlegt er að verja betur hag eldri borgara og öryggi þeirra, hlúa að heimilislásum og hlusta meira á fólkið í borginni. Ég mun vinna með fólkinu í borginni og bæta aðgengi þeirra að kjörnum borgarfulltrúum. Með því vil ég tryggja að farið sé vel með fé skattborgara og að fólkið sé haft með í ráðum.

Mikilvægt er að halda uppi lif-

andi atvinnulífi á sviði samgangna, flugs, skipa, þjónustufyrirtækja og verslana með það að markmiði að borgin okkar sé aðlaðandi og standi undir nafni sem höfuðborg allra landsmanna. Því er áriðandi að Reykjavíkflugvöllur sé á sínum stað. Ég mun beita mér fyrir því að það sé staðið betur að umhverfis- og skipulagsmálum við gömlu höfnina og efla mannlífið þar og í miðborginni. Opna þarf móttökustöð Sorpu aftur í Grafarvogi, og skapa Björgun nýtt athafnasvæði til framtíðar. Þeir lesendur sem vilja nálgast frekari upplýsingar um stefnumál og áherslur mínar geta nálgast allar upplýsingar á heimasíðu minni www.johannpall.is eða litið við

í kaffisopa á kosningaskrifstofunni að Gylfahlöt 5 í Grafarvogi. Símar á skrifstofunni eru 5673100 – 5673800 og 5673399. Ef ekki við þegar hringt er, þá er sjálfsagt að skilja eftir skilaboð og hann hringir til baka.



Jóhann Páll Símonarson.

Höfundur er Jóhann Páll Símonarson sem býður sig fram í prófkjöri Sjálfstæðisflokksins í Reykjavík.

Kveðja frá Breiðhyltingi

Ég er fæddur og uppalinn í Breiðholti og bjó þar í aldarfjórðung. Þótt ég búi núna annars staðar er Breiðholtið samt alltaf mitt hverfi, og það fylgir því sérstök tilfinning að ganga um það og sýna dætrum mínum hvar við krakkarnir lékum okkur í fótbolta, hvar við fórum í sjoppu og hvar við renndum okkur á sleða. Alltaf er ég jafn hissa að sjá hvað „hóllinn“ er lítill miðað við hóllinn sem situr í minningunni. Hann hlýtur að hafa lækkað.

Menntamálaráðherra mætti og tók skólfustunguna

Oft fannst okkur Breiðholtið sitja á hakanum miðað við önnur hverfi borgarinnar. Við sem vorum í Hólabrekkuskóla þurftum til dæmis að ganga niður í Fella-skóla til að komast í leikfimi og þar var líka eina félagsmiðstöðin í hverfinu, Fellaheilir. Hvorttveggja fannst okkur asnalegt og oft gerðum við kröfu um að Hólabrekkuskóli fengi eigin félagsmiðstöð og íþróttahús. Eitt vorið söfnuðum við nemendur Hólabrekkuskóla og Fjölbrotaskólans undirskriftum til stuðnings þess að nýtt íþróttahús yrði byggt í hverfinu, sem væri við FB. Hvort sem það var undirskriftunum að þakka eða einhverju öðru, mætti þáverandi menntamálaráðherra skömmu síðar í Breiðholtið og tók fyrstu skólfustunguna að íþróttahúsinu

við Austurberg og er óhætt að segja að við höfum verið býsna ánægð með okkur þann dag.

Einkennilegt að sjá hvað er ógert

En þótt margt hafi gerst síðan við krakkarnir fylgdumst með hverfinu byggjast upp, er ennþá ótrúlega margt eftir. Breiðholtið er að mínu mati einstaklega skemmtilega hannað hverfi, þótt einingarnar þrjár (neðra, efra og Seljahverfi) séu mjög ólíkar. Í þessum göðu hverfum er hinsvegar einkennilegt að sjá hvað mikil er ógert. Enn þann dag í dag eru ókláraðir göngustígar og ólýst undirgöng þyrnir í augum Breiðhyltinga. Sumum leiksvæðum er illa við haldið og það er ekki laust við að það læðist að manni gamli grunurinn um að hverfið sitji á hakanum miðað við sum önnur hverfi.

Góð aðstaða hjá Leikni

Margt hefur þó gerst til batnað-

ar á síðustu árum og við sem þekkjum til höfum reynt að vekja athygli á því sem ekki má bíða. Sem gamall Leiknismaður nefni ég aðstöðuna hjá því góða Bálagsfélagi, sem hafði verið til skammar árum saman. Fleira má nefna, svo sem bætt stíga, mikilvæg umferðaröryggismál, samninga við ÍR, sífellt betra skólastarf og fleira. Við þá af yngri kynslóðinni sem kunna að vera að lesa þetta segi ég: Það eru forréttindi að alast upp í Breiðholti.

Kveðja frá gömlum Breiðhyltingi, Gísli Marteinn.



Gísli Marteinn Baldursson.

Ökukennsla

Jens Karl Ísfjörð
Ökukennari/kennari
Sími: 862-4577

Einar Daði og Jóhanna íþróttafólk ársins

Einar Daði Lárusson er Íþróttamaður ÍR árið 2009 og íþróttakona ÍR árið 2009 er Jóhanna Ingadóttir. Bæði koma þau úr frjálsíþróttadeild félagsins og eru þau einstaklega vel að þessum titlum komin. Kjör íþróttamanns ÍR fór fram sunnudaginn 3. janúar sl. og var það hið 18. í röðinni.

Einar Daði Lárusson, 19 ára tugþrautarmaður og grindahlaupari, var valinn íþróttakarl ÍR 2009 í fyrsta sinn og er hann virkilega vel að þeim titli komin. Árangur ársins 2009 var einkar glæsilegur þrátt fyrir fótbrotið í byrjun árs og nokkuð mótlæti í tugþrautarkeppnum sumarsins. Hann varð Íslands- og Bikarmeistari í fjölda einstaklingsgreina og með ÍR auk þriggja Íslandsmeta svo ekki sé minnst á Norðurlandameistaratitli í 400 m hlaupi í flokki 19 ára og yngri og 8. sæti á afrekaskrá í tugþraut á Evrópumælikvarða. Einar Daði náði mikilvægum áfanga seinni hluta sumars þegar hann náði inn í A-hóp ÓL-hóps FRÍ og ÍR-OL2012 í tugþraut. Markmið næsta árs eru skýr hjá Einari Daða. Áframhaldandi stigvaxandi framfarir, að halda stöðu sinni í A-hóp FRÍ og Frjálsíþróttadeildarinnar, keppni með landsliði Íslands og lágmörk á Norðurlandamót. Lágmörk á stærri mót eins og EM og HM eru í sjónmáli og verður stefnt á þau ásamt stóra markmiðinu Ólympíuleikarnir í London 2012. Einar Daði er glæsilegur íþróttamaður sem nýtur virðingar í frjálsíþróttahéminum fyrir framgöngu sína, utan vallar sem innan, góðrar framkomu, jákvæðni og fagmennsku fram í fingurgóma. Hann er einnig mjög mikill og góður námsmaður sem útskrifast í vor frá Menntaskólanum í Reykjavík.

Jóhanna Ingadóttir, 27 ára lang- og þrístökkvari, var annað árið í röð valin íþróttakona ÍR og á hún nafnbótina svo sannarlega skilið. Árangur á mótum ársins var einstakur, fjórir Íslandsmeistararitlar, þrjár Bikarmeistararitlar, tveir Landsmótsmeistararitlar



Þeir sem hluti tilnefningu til íþróttamanns og íþróttakonu ársins 2009 hjá ÍR voru, talið frá vinstri myndinni: Trausti Björn Ríkharrósson (sem tók á móti verðlaunum fyrir Árna Frey Guðnason), Þórður Arnar Arnason, Mónica Rós Steingrimsdóttir, Hörður Ingi Jóhannsson (sem veitti viðtöku fyrir Hafþór Harðarson), Guðrún Ágústa Róbertsdóttir, Guðný Gunnarsdóttir, Ásdís Ólafsdóttir, Gísli Haraldsson, Einar Daði Lárusson, Steinar Arason, Jóhanna Ingadóttir, Arnór Stefánsson, Helga Dagný Bjarnadóttir, Stefán Ingi Jóhannsson, móðir Helgu Maríu Vilhjálmisdóttur sem tók á móti viðurkenningunni og Úlfar Steindórsson formaður ÍR. Á myndina vantar þau Stefán Steinar Ólafsson og Auði Elvu Vignisdóttur, en þau koma úr Taekwondodeild.



Einar Daði Lárusson og Jóhanna Ingadóttir, íþróttafólk ársins 2009.

og Íslands- og Bikarmeistari með ÍR. Sigurvegari í langstökki í Evrópukeppni landsliða og 3. sæti í þrístökki, Smáþjóðaleikameistari í þrístökki og annað sæti í langstökki. Árangur ársins færði hana í sæti annars besta lang- og þrístök-

kvari sem Ísland hefur átt í kvennaflokki frá upphafi.

Jóhanna hóf árið á því að vera valin inn í Ólympíuhóp Frjálsíþróttasambands Íslands með árangri sínum í langstökki og þrístökki og í framhaldi af því valdist hún inn í A-hóp ÍR-OL2012. Þetta gaf henni byr undir báða vængi sem hún hefur nýtt vel til afreka ársins. Stefir hún ótrauð á áframhaldandi veru í þessum hópum, markmið ársins eru skýr með áframhaldandi afrek og framúrskarandi árangur og framtíðarmarkmiðið er lágmörk á Ólympíuleikana í London 2012 Jóhanna er frábær íþróttamaður, á sama tíma frábær fulltrúi ÍR, frjálsíþróttakona og ekki síst fyrirmynd ungra íþróttamanna því fagmennska og íþróttamannsleg framkoma er í öndvegi á öllum sviðum.

Dansdeild ÍR:

Glæsilegur árangur

Dansdeild ÍR fékk í haust í sínar raðir Sigrúnu Tinnu Gunnarsdóttur þjálfara. Hún tók við deildinni af myndar brag eins og starfið í deildinni ber með sér.

Í fyrstu danskeppni vetrarins stóðu ÍR – ingar sig vel og var árangurinn glæsilegur. Karólína Rut og Alexandra Líf unnu gull í standard dönsnum og brons í Latin í flokki unglingar II.

Þá tók við Íslandsmeistaramótið í gömludönsunum og kepptu þar átta pör frá ÍR og fengu Karólína Rut og Alexandra Líf þar Íslandsmeistaratitil. Haldið var glæsilegt jólaball þar sem Sveinki kom færandi hendi og hreif með sér ungvíðið í deildinni í söng og dans. Foreldrafélagið stóð fyrir skautuferð í Skautahöllina fyrir eldri nemendur og var glæsi-

legu smákökuhlaðborði og kakói vel tekið af krökkunum. Stefnt er að þátttöku í öllum mótum á árinu, öskudagsball og spennandi óvissuferð fyrir eldri nemendur svo allir ættu að hlakka til.

Þá er Sigrún Tinna að vinna náið með þeim börnum sem keppa á mótum og styrkir það þau mjög.

ÍR með aðgerðaráætlun gegn einelti

Íþróttafélag Reykjavíkur hefur samið sameiginlegar reglur vegna agamála hjá iðkendum, þjálfurum, foreldrum og öðrum sem að félaginu koma.

Markmiðið er að öllum líði vel og allir fái njótið sín í starfi ÍR. Lögð er áhersla á að allir þekki

reglurnar og ber öllum fylgja þeim og virða þannig að þeir sem taka þátt í starfi félagsins geti notið sín á jákvæðan hátt.

ÍR hefur stofnað eineltisteymi sem mun sjá um öll mál sem ekki verða leyst á auðveldan og farsælan hátt hjá þjálfurum og/eða

starfsfólki ÍR. Í eineltisteyminu sitja þau Steinn Einarsson fulltrúi aðalstjórnar ÍR og jafnframt formaður teymisins, Hrefna Pedersen proskapjálfi, Hulda Margrét Valgarðsdóttir hjúkrunarfræðingur og Helga Sigurjónsdóttir félagsráðgjafi.

ÍR gefur endurskinsmerki

Þessa dagana er ÍR að gefa öllum elstu börnunum í leikskólum í Breiðholti endurskinsmerki merkt ÍR. Með þessu er ÍR að sýna að þeir eru og vilja verða leiðandi í góðu forvarnarátaki. Einnig munu yngstu iðkendurnir hjá ÍR fá slík merki en starfsfólk ÍR er að koma þessu í dreifingu. Hér á myndinni má sjá glaða krakka úr Leikskólanum Seljaborg taka við endurskinsmerkjunum sínum en með þeim á myndinni eru tveir af kennurum skólans ásamt Herði framkvæmdastjóra ÍR



Fréttir

Íþróttafélag Reykjavíkur
Skógarseli 12 • Sími 587 7080
Myndsími: 587 7081
Tölvupóstur: iradal@isholf.is
Heimasíða: irsida.is

Gunnar Sverrisson tekur við af Jóni Arnari

Gunnar Sverrisson hefur verið ráðinn þjálfari meistaraflokks karla hjá ÍR. Gunnar er ÍR-ingur að góðu kunnur, en hann er fyrrverandi leikmaður meistaraflokks félagsins og hefur þjálfað yngri flokka félagsins til fjölda ára.

Gunnar var aðstoðarþjálfari meistaraflokks ÍR árin 1994 til 1996 og var jafnframt einn tveggja þjálfara meistaraflokks karla hjá ÍR keppnistímabilið 2005 til 2006. Hann þjálfaði lið Þórs á Akureyri í úrvalsdeildinni tímabilið 1997-1998. Stjórn ÍR væntir mikils af Gunnari og býður hann velkominn til starfa.

Jón Arnar Ingvarsson hefur óskað eftir því við körfuknattleiksdeild ÍR að láta af störfum sem þjálfari meistaraflokksliðs karla.

Eiginkona Jóns á við erfíð veikindi að stríða og þarf því fjölskylda Jóns á öllum hans kröftum að halda. Hann vill koma á framfæri þakklæti til leikmanna, stjórnar, starfsfólks og stuðningsmanna fyrir mjög ánægjulegt samstarf. Óskar jafnframt liðinu alls hins besta. Jón byrjaði að þjálfra ÍR-liðið haustið 2006. Hann hefur náð mjög góðum árangri með liðið og einum eftirminnilegum bikarmeistaratitli árið 2007. Liðið undir hans stjórn náði góðum stöðuleika og hefur ávallt leikið í úrslitakeppni Íslandsmótsins með ágætum árangri. Körfuknattleiksdeild ÍR þakkar Jóni vel unnin störf og óskar honum og fjölskyldu hans alls hins besta í þeirra baráttu sem framundan er.

Nýr starfsmaður ÍR

Ingólfur Jökull Róbertsson kom til starfa hjá ÍR um liðin áramót. Hann tekur við starfi íþrótt- og markaðsfulltrúa af Ingibjörgu Halldórsdóttur er þurfti að hætta af persónulegum ástæðum.

Um leið og við bjóðum Ingólfi velkominn til starfa þökkum við Ingibjörgu kærlega fyrir vel unnin störf hjá ÍR.



Ingólfur Jökull Róbertsson

Frístundakortið - sama upphæð og á síðasta ári

Reykjavíkurborg hefur ákveðið að halda áfram sömu styrkupp-hæð fyrir árið 2010 eða 25.000 kr. Skrifstofa ÍR vill koma þeim skilaboðum til foreldra/forráðamanna að ganga strax frá æfingagjöldum á Frístundakorti Reykjavíkur þar sem það á við.

Búið er að setja alla iðkendur inná Rafræna Reykjavík og er hægt að ráðstarfa æfingagjöldunum þar inni. Greiðsluseðlar verða

sendir í janúarlök á allar deildir og eru til greiðslu í febrúar. Ekki er hægt að ráðstafa Frístundakortinu eftir 25. janúar nema í samráði við Elfu á skrifstofunni. Hægt er að skipta greiðslum á kreditkort og einnig með innborgunum í banka. Ef það eru einhverjar frekari spurningar er um að gera að hafa samband við Elfu í síma 587-7090 og hún mun aðstoða ykkur ef þið óskið eftir því.

Opunartímar:	
Mánud.	Þriðjud og Miðvikud. 12:00 til 15:00
Fimmtudaga	12:00 til 15:00 og 17:00 til 19:30
Föstudaga	13:00 til 20:00
Laugardaga og Sunnudaga	13:00 til 18:00
Skólar og sérhópar:	Mánudag til föstudags 10:00 til 15:00

Sími: 588 9705
www.skautaholl.is

Heimasíða ÍR er
www.irsida.is



GETRAUNANÚMER ÍR ER 109

NÆSTUM ANNAR HVER HLÝTUR VINNING

- ▶ Um **36.000** manns fá vinning á hverju ári - frá 5.000 kr. upp í 75 milljónir
- ▶ **70%** tekna fara til miðaeigenda sem vinningar - 700 kr. af hverjum 1.000 kr.
- ▶ Um **800 milljónir** voru greiddar út í vinninga á síðasta ári
- ▶ Trompmiði **fimmfaldar** vinningsupphæðina - 5 milljónir kr. verða að 25 milljónum
- ▶ Yfir **20 háskólabyggingar** hafa verið byggðar fyrir happdrættisfé
- ▶ Dregið er **tvisvar í mánuði** þú getur því átt von á milljónum hálfsmánaðarlega



Tryggðu þér miða á www.hhi.is, í síma 800 6611 eða hjá næsta umboðsmanni.